

**SKOÐUN** Regína Ásvaldsdóttir vill viðræður um staðsetningu embætta. 13



**MENNING** Leiksýningin Sértu velkominn heim sýnd um borð í Húna II. 20



**LÍFIÐ** Gekk heim úr Þórsmörk þegar farið klikkaði. 24



**SPORT** Kristján Guðmundsson man eftir 4-0 sigrinum á Víking fyrir átta árum. 26

WOW
STUNDVÍSASTA FLUGFÉLAG Á ÍSLANDI

# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
30. júlí 2014
177. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

## FRÉTTIR



**Hundrað þúsund farþegar**
Stærsta skip sem nokkru sinni hefur komið til Faxaflóhafnar kemur í september. Það er skipið Royal Princess. 2

**Aðhlynning fyrstu mínútur mikilvæg** Rannsóknarnefnd samgönguslysa segir alvarlegt ef almenningur sýnir ekki vilja til aðstoðar í neyðartilfellum. 4

**Forstjóri Lyfjastofnunar ósáttur** Það að Lyfjastofnun fái ekki að nýta sértekjur stofnunarinnar takmarkar þá þjónustu sem stofnunin getur veitt. 4

**Hundrað Palestínumenn fórust** Rafmagnslaust er á Gasa eftir að eina orkuverið varð fyrir sprengju Ísraelsmanna í gær. 8




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | NA | 7 |
| Akureyri | 9° | NA | 5 |
| Egilsstaðir | 10° | N | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 15° | A | 4 |
| Reykjavík | 17° | NA | 6 |

**BJART SV-LANDS** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s. Yfirleitt bjart S- og V-til en rigning syðst síðdegis. Annars skýjað og súld NA-til. 4

**1 SÉRBLÖÐ**

Fólk






**MAKRÍLVAÐA VIÐ REYKJAVÍK** Makrílveiðin stendur sem hæst þessa dagana eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu. En það eru ekki einungis stór uppsjávarskip sem veiða makrílinn. Hann Edgardo Maraues, sem er Filippseyingur búsettur á Íslandi, nýtti góða veðrið í gær og renndi fyrir fisk með góðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 440 milljónir króna á baki dæmdra manna

Útistandandi skuldir dæmdra ofbeldismanna hafa aukist um 65 prósent frá árinu 2011. Mun fleiri skulda bætur til fórnarlamba sinna nú en áður. Skýringuna má rekja til lagabreytingar árið 2012 þegar bótaþak í ofbeldismálum var hækkað.

**STJÓRNSÝSLA** Dæmdum ofbeldismönnum sem skulda þolendum bætur hefur fjölgað um sextíu prósent á þremur árum. Þeir voru áður tæplega 250 talsins en eru nú í kringum 400.

Þá hafa útistandandi skuldir dæmdra ofbeldismanna aukist um 65 prósent á sama tíma. Um það bil 440 milljónir króna eru útistandandi í miskabætur og skaðabætur til fórnarlamba ofbeldis nú. Árið 2011 nam heildarfjárhæðin rúmum 266 milljónum króna.

Erna Jónmundsdóttir, deildarstjóri hjá innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar hjá Sýslumanninum á Blönduósi, segir að langan tíma geti tekið að innheimta bæturnar. „Vandamálin í þessum málum eru að þarna eru að baki lengstu fangelsisrefsingarnar. Þeir eru ekki með neinar tekjur og svo er spurning hvernig það gengur þegar þeir koma út aftur.“

Ríkið greiðir fórnarlömbum ofbeldis bætur og svo fara bæturnar í endurkröfu til gerenda. Það þýðir að þolendur fá sínar bætur upp að ákveðnu marki þrátt fyrir vanskil ofbeldismanna.

Árið 2012 höfðu bætur til handa þolendum kynferðisofbeldis og annars konar ofbeldis ekki hækkað í sextán ár. Þá voru sett ný lög þess efnis að hámarksbætur fyrir miska vegna kynferðisbrots væru þrjár milljónir króna en vegna annars konar ofbeldis 2,5 milljónir.

Séu þolanda dæmdar hærri bætur ber hann sjálfur ábyrgð á því að rukka mismuninn. „Það er hægt að biðja okkur að rukka mismuninn en hann færðu ekki nema við náum einhverju inn. Það er ekki þessi sama ríkisábyrgð á mismuninum,“ segir Erna.

Hún segir hæstu útistandandi kröfuna í dag vera í kringum 17 milljónir króna.

**60%** fleiri ofbeldismenn skulda bætur í dag en árið 2011. Skuldirnar hafa aukist um 65 prósent. Þær voru 266 milljónir króna árið 2011 en eru núna um 440 milljónir króna.

Bótanefnd getur úrskurðað fórnarlömbum hærri bætur en dómur sagði til um í fyrstu ef miski þeirra reynist meiri en gert var ráð fyrir. Halldór Þormar Halldórsson, starfsmaður bótanefndar, segir að slíkum umsóknum hafi fjölgað og séu nú um þriðjungur þeirra mála sem koma inn á borð bótanefndar. „Þetta er fyrst og fremst í málum þar sem um er að ræða líkamsárásir eða líkamsmeiðingar.“

- ssb

Þörf á að endurskoða lög:

## Úrelt ákvæði í meiðyrðamálum

**DÓMSMÁL** Hámarksrefsing við sumum brotum á friðhelgi einkalífs, til að mynda meiðyrði og móðganir, er nokkurra ára fangelsisvist samkvæmt hegningarlögum. Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild HÍ, segir „löngu tímabært“ að endurskoða þessi ákvæði, sem séu í engu sambandi við raunverulega framkvæmd dómstóla.



BJÖRG THORARENSEN

- þá / sjá síðu 6

Betri melting!
Probiotic 16 Strain



- 16 tegundir góðra gerla
- Sérvalin steinefni
- Má taka hvenær sem er dags

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT
1011

Aukakílóin burt!
„Sykurlöngunin hvarf og millistmálið minnkaði“




www.gengurvel.is

## SPURNING DAGSINS



### Jóhanna, er þetta búið?

**„Nei, ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því. Það er búið að leggja 14 ára vinnu í búið sem er alltof mikið til að það fari í súginn.“**

Ef ekkert verður að gert mun geitfjárbúið á Háafelli í Hvítársíðu fara á uppboð í september. Jóhanna B. Þorvaldsdóttir rekur búið ásamt Þorbirni Oddssyni.

Félagsmönnum í samtökunum Ísland-Palestína hefur fjölgað um tæp tíu prósent að undanförnu:

# Eitt hundrað nýir meðlimir á tíu dögum

**GASA** Undanfarna tíu daga hafa um eitt hundrað manns skráð sig sem meðlimi í félaginu Ísland-Palestína, sem er tæplega 10 prósenta fjölgun félagsmanna.

Aðspurður segist Sveinn Rúnar Hauksson, formaður félagsins, vera ánægður með fjölgunina en ekki tilefnið fyrir henni. „Það er svolítið óhugnanlegt að hugsa til þess að við þurfum ekki að vera með neitt kynningarstarf til að fjölga í félaginu okkar. Það er Ísraelsstjórn sem sér um það,“ segir hann.

Rúmlega ein milljón króna hefur safnast í söfnunarfötur á tveimur fjölmennum útifundum félagsins að undanförnu. Ákveðið hefur verið að láta upphæðina renna óskipta til AISHA, félags til verndar konum og börnum á Gasasvæðinu. „Í rauninni höfum við verið að fá meira því það streyma inn framlög á reikninginn frá neyðarsöfnuninni. Fólk vill leggja sitt af mörkum og fyrir það erum við óskaplega þakklát,“ segir Sveinn Rúnar.

Þar að auki hefur félagið millifært fimm þúsund dali, tæpar 600 þúsund krónur, úr félagsgjaldasjóði á ALP-gervilimastöðina á Gasa sem Ísland-Palestína hefur haft áralangt samstarf við ásamt OK Prostethics, fyrirtæki Össurar Kristinssonar. - fb



**FRAMLÖG STREYMA INN** Sveinn Rúnar Hauksson, formaður Íslands-Palestínu, er mjög ánægður með fjölgunina í félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Á SÓLARSTRÖND** Norður-kóreskar stúlkur njóta veðurblíðunnar í alþjóðlegum sumarbúðum stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sumarbúðir í Norður-Kóreu hafa verið reknar í áratugi:

# Öllum heimsins börnum boðið

**NORÐUR-KÓREA, AP Mikið er um að vera í sumarbúðum stjórnvalda í borginni Wonsan í Norður-Kóreu. Börnum alls staðar að úr heiminum er boðið í sumarbúðirnar en búðirnar hafa verið reknar í tæplega þrjátíu ár. Börnin dvelja í sumarbúðunum í átta daga en þar má finna rennibrautir, sólarströnd, leikjatölvur og blakvelli. Því lifa börnin í sumarbúðunum við talsvert meiri vellystingar en almennt þekkist í Norður-Kóreu.** - ih

Sökuð um óeðlileg afskipti:

# Funda um frétt af lögreglustjóra

**ALÞINGI** Ögmundur Jónasson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, segir í samtali við Fréttablaðið það eðlilegt að nefndin komi saman vegna fréttar DV um að innanríkisráðherra hafi beitt lögreglustjóra þrýstingi í lekamálinu svokallaða.

„Þegar á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í vor var það rætt að við myndum hafa til umræðu þetta svokallaða lekamál og þá þætti sem því tengdust,“ sagði Ögmundur. „Við myndum hins vegar ekki gera það meðan á lögreglurannsókn stæði nema eitthvað nýtt kæmi fram.“ - nej

Neytendastofa úrskurðar:

# Auglýsingar mbl.is ólöglegar

**NEYTENDAMÁL** Neytendastofa úrskurðaði í gær auglýsingar Árvakurs um vinsældir mbl.is í samanburði við vinsældir Vísis í trássi við lög.

Auglýsingarnar hljómuðu í útvarpi í febrúar á síðasta ári en lesni textinn var eftirfarandi: „100 þúsund fleiri Íslendingar lesa mbl.is en vísir.is, Íslendingar lesa mbl.is“ og „Lestur á mbl.is er tvöfalt meiri en á vísir.is. Íslendingar lesa mbl.is.“

Neytendastofa taldi upplýsingar í málinu ekki geta staðið að baki fyrrnefndum fullyrðingum. - nej

# Tvö stærstu skipin koma í september

Í september koma tvö skemmtiferðaskip, bæði um 140 þúsund brúttótonn. Fjöldi farþega við höfnina verður um hundrað þúsund eftir sumarið. Faglærðir leiðsögumenn hrökkva skammt í umferðinni og vinsælustu áfangastaðirnir fyllast.

**SAMGÖNGUR** Umferð skemmtiferðaskipa eykst sífellt, samkvæmt tölum Faxaflóahafna, og stærð skipanna gerir skip íslenska flotans nær hlægileg í samanburði. Þann 14. september næstkomandi er von á stærra skipi en nokkru sinni hefur komið en það er skemmtiferðaskipið Royal Princess. Það er 139 þúsund tonna skip og tekur yfir þrjú þúsund og fimm hundruð farþega eftir því sem fram kemur á vefsíðu Princess Cruise sem á skipið. Ágúst Ágústsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna, segir algengt að um 1.500 manna áhöfn sé á þessum stærstu skipum. Það verða því álíka margir við hafnarbakkann og íbúar Vestmannaeyja og Hellu þegar prinsessan atarna kemur til hafnar.

Nóg verður um að vera í höfninni í september því þá er einnig von á skemmtiferðaskipinu Adventures of the Seas sem er 137 þúsund brúttótonn. Það hefur áður komið hingað og er það nú þegar hið stærsta skip sem það hefur gert.

En það er ekki vandalaust að taka á móti slíkum fjölda. Örvar Már Kristinsson, formaður Félags íslenskra leiðsögumanna, segir að faglærðir leiðsögumenn hrökkvi skammt þegar umferð skemmtiferðaskipa er sem mest og þá er hætt við að margir farþegar fari undir handleiðslu ófaglærðra leiðsögumanna. Ferðaskrifstofur eru skyldugar samkvæmt samningi til að leita til faglærðra fyrst en þegar stærstu hóparnir koma er jafnvel látið nægja að manneskja með næga tungumálakunnáttu leiðsegi hópi.

„Annar vandi er sá að þegar stærstu skipin og jafnvel mörg á sama tíma koma fyllast okkar vinsælustu viðkomustaðir eins og til dæmis í gullna hringnum,“ segir hann. „Það er spurning hversu áhrifarík koma ferðamannsins er á stað sem er fullur af fólki. Við þurfum að fara að huga meira að því hvernig áfangastaður við viljum að Ísland sé.“

Ágúst segir að ef allar áætlanir gangi eftir muni um hundrað þúsund farþegar halda til hafna hér í sumar, sem er um átta þúsund fleiri en síðasta ár. Byrjað var að markaðsetja Faxaflóahafnir í þessum tilgangi snemma á tíunda áratugnum en það var ekki fyrr en um aldamótin síðustu sem þetta fór að taka á sig þá mynd sem við könnumst við í dag. jse@frettabladid.is




**KATRÍN HERTOGAYNJA GEFUR SKIPINU NAFN** Skipið var vígt í júní í fyrra svo það er rétt svo að jómfrúrsvipurinn verði farinn af því þegar það kemur í Reykjavíkurhöfn. MYND/PRINCESS CRUISES

## SAMANBURÐUR Á STÆRÐ NOKKURRA SKIPA

| Skip | Þyngd | Lengd |
|---|---|---|
| Royal Princess | 139.000 bt | 330 m |
| Dettifoss | 14.664 bt | 166 m |
| Engey (sáluga) | 7.800 bt | 105 m |
| Herjólfur | 2.222 bt | 71 m |






Talskona Stígamóta segir óásættanlegt að kynferðisbrot þrífist í borginni:

# Brotum fjölgar um 140 prósent

**LÖGREGLUMÁL** Kynferðisbrotum í miðborg Reykjavíkur fjölgaði um 140 prósent í fyrra miðað við undanfarin þrjú ár. Samkvæmt tölum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem ekki hafa verið gerðar opinberar, voru sextíu brot tilkynnt árið 2013.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir þessar tölur ríma við þá þróun sem hefur átt sér stað hjá samtökunum undanfarin ár.

„Það fjölgaði hjá okkur um sjötíu mál á síðasta ári og frá því að fæst mál voru árið 1998, hefur málunum fjölgað um helming hjá okkur,“ segir Guðrún.

Samkvæmt tölum frá lögreglu voru 22 kynferðisbrot í miðborginni tilkynnt árið 2010, 17 árið 2011 og 36 árið 2012.

Þetta gerir að meðaltali 25 brot á ári. Guðrún segir gjörsamlega óásættanlegt að kynferðisbrot þrífist í hjarta borgarinnar. Bregðast þurfi við þessari fjölgun af mikilli alvöru, meðal annars með því að bæta forvarnir.

„Ég vona að nýr lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu og sviðsstjóri hjá velferðarþjónustunni, sem hafa sagst ætla að setja þessi mál í forgang, skilgreini ofbeldi vítt og taki kynferðisbrotamálin þar inn. Þannig ég vona bara að við bregðumst við þessu af ábyrgð.“ - gag




**STÍGAMÓT** Guðrún segist vona að brugðist verði við vandanum af ábyrgð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


FIND NEW ROADS™
CHEVROLET
FÁÐU MEIRA...
CHEVROLET CRUZE
2.890.000.-
LT BENSÍN 1.8L
BSK. 4 DYRA
Bíll á mynd: Chevrolet Cruze LTZ
RÍKULEGA BÚINN CRUZE
TIL AFGREIÐSLU FYRIR HELGI
Chevrolet Cruze er með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.
· ESC stöðugleikakerfi
· Bluetooth
· Hæðarstilling á framsætum
· Hiti í framsætum
· Akstursstölva
· ABS hemlalæsivörn
· ISOFIX öryggisfestingar
· Álfelgur
· Loftkæling
· Nálgunarvörn að aftan
· Tengi fyrir Ipod og MP3 spilara
· Útvarpsstillingar í stýrishjól
· Rafmagn í fram- og afturrúðum
· Rafmagn og hiti í hliðarspeglum
· Hraðastillir (Cruse Control)
Hluti af staðalbúnaði – sjá meira á benni.is
Opið alla virka daga frá 9 til 18
Verið velkomin í reynsluakstur.
Nánari upplýsingar á benni.is
Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## SVONA ERUM VIÐ



**349** **bera nafnið Anna María og er það algengasta tvínefnið hér á landi.**

**Algengasta tvínefni karla er Jón Þór en 213 herramenn bera það nafn.**

Rannsóknarnefnd samgönguslysa segir fyrstu hjálp á vettvangi eftir slys oft hafa skipt sköpum:

# Skeytingarleysi vegfarenda alvarlegt mál

**SAMGÖNGUR** Mjög alvarlegt er ef almenningur sýnir ekki vilja til aðstoðar í neyðartilfellum, að mati Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Þetta kemur fram í skýrslu nefndarinnar frá því í byrjun mánaðarins um banaslys sem varð á þjóðvegi eitt í Norðurárdal fyrsta mars á síðasta ári. Ökumaður missti vald á jeppabifreið í vindhviðu og tólf ára drengur sem var farþegi í aftursæti lét lífið.

Fram kemur að vindhviður hafi numið 20 metrum á sekúndu og vegur hafi verið blautur. Pilturinn, sem var í bílbelti, svaf í aftursætinu þegar slysið átti sér stað.

Annar farþegi í bílnum stóð við veginn eftir veltuna og gaf merki um aðstoð en nokkrir vegfarendur óku samt fram hjá slysstaðnum án þess að stöðva eða bjóða fram aðstoð.

„Þegar alvarleg slys eiga sér stað eru almennir vegfarendur oft fyrstir til aðstoðar og aðhlynningar á vettvangi. Almenn kunnátta í skyndihjálp getur þá reynst dýrmæt, meðan beðið er eftir lögreglu, sjúkraflutningamönnum og læknum,“ segir í skýrslu nefndarinnar. Fjölmörg dæmi séu um að aðhlynning vegfarenda fyrstu mínútur eftir slys hafi skipt sköpum. **- óká**




**VEÐURVIÐVÖRUN** Með því að draga úr hraða geta ökumenn dregið úr líkum á að bílar þeirra kastist til í vindhviðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**DRÓ SIG Í HLÉ** Jón Sigurðsson hugðist taka sæti í stjórn N1 en dró sig síðar í hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

N1 heldur hluthafafund:

## Kjósa nýjan stjórnarmann

**VIÐSKIPTI** Boðað hefur verið til hluthafafundar í N1 þann 20. ágúst næstkomandi. Ástæðan er sú að rétt áður en aðalfundur N1 hófst fimmtudaginn 27. mars síðastliðinn dró einn frambjóðenda til aðalstjórnar, Jón Sigurðsson, til baka framboð sitt. Þar sem frestur um framboð til stjórnar var liðinn þegar afturköllun framboðsins barst var ekki hægt að bregðast við hinum breyttu aðstæðum á þeirri stundu.

Stjórn N1 hf. hefur nú ákveðið að boða til hluthafafundar þar sem kjör eins stjórnarmanns í aðalstjórn verður á dagskrá til að tryggja að aðalstjórn verði fullskipuð fram að næsta aðalfundi

Stjórn N1 leggur einnig til þá breytingu á samþykktum félagsins að fellt verði á brott ákvæði um kjör tveggja varastjórnarmanna Ástæðan er að frá síðasta aðalfundi hafa báðir kjörnir varastjórnarmenn sagt af sér. Í stað þess að leggja til kjör nýrra varamanna í stjórn leggur stjórnin til að ákvæðið um varamenn verði fellt niður. **- jhh**

## LEIÐRÉTT

Ranglega var greint frá fjárhæð á álögðum fjármagnstekjuskatti einstaklinga á árinu 2013 í Fréttablaðinu í gær. Hið rétta er að skatturinn nam 14,5 milljörðum króna á síðasta ári.

# Segir óvíst að meiri umsvif auki tekjur

**Forstjóri Lyfjastofnunar er ósáttur við að fá ekki að nýta sértekjur stofnunarinnar. Það takmarki þjónustu sem stofnunin gæti veitt innlendum lyfjafyrirtækjum. Ráðherra segir að sýna þurfi fram á að aukin rekstrarumsvif skili meiri tekjum.**

**STJÓRNSÝSLA** Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, er óánægð með að stofnunin fái ekki að nýta það fé sem hún aflar sjálf. Tekjur Lyfjastofnunar hafa verið talsvert umfram það fé sem henni er skammtað af fjárlögum undanfarin ár.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að sýna þurfi fram á að aukin umsvif Lyfjastofnunar skili sér í auknum tekjum. „Það er álitamál hvort aukin rekstrarumsvif muni á endanum skila sér í auknum sértekjum. Til þess að ríkið sitji ekki uppi með aukin umsvif og engar tekjur þurfa að liggja fyrir trúverðugar áætlanir í samstarfi við velferðarráðuneytið og á það hefur skort,“ segir Bjarni.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Rannveig fullyrðir að Lyfjastofnun hafi orðið af tekjum frá fyrirtækjum vegna valkvæðra verkefna sem hefðu þýtt að stofnunin færi fram úr fjárlögum. „Við erum í samkeppni við aðrar lyfjastofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu um vísindaráðgjöf fyrir Lyfjastofnun Evrópu sem við fáum greitt fyrir. Ef verkefnið er ekki unnið á Íslandi tekur lyfjastofnun annars EES-lands að sér matið og fær greitt fyrir.“

Rannveig segir erfitt að ákveða nákvæm fjárlög fyrir stofnunina. „Föst fjárlög henta ekki okkar rekstri. Við vitum ekki fyrir fram hvaða verkefni við fáum. Við höfum ekki val um hvort við sinnum stórum hluta okkar verkefna. Þau verkefni eru oft afgreidd seinna en við vildum.“




**ÓÁNÆGÐIR MEÐ FJÁRLÖG** Forsvarsmenn Lyfjastofnunar eru óánægðir með það fé sem stofnuninni hefur verið skammtað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þórhallur Hákonarson, fjármálastjóri Lyfjastofnunar, ritar í nýútkominni ársskýrslu stofnunarinnar að uppi sé „alvarleg staða sem hamlar framþróun stofnunarinnar og getur haft áhrif á lyfjaframboð, auk þess að takmarka þjónustu við lyfjaiðnaðinn í landinu“.

Rannveig tekur undir þessi orð. „Þetta eru verkefni sem veita sérfræðingum störf og skapa verðmæti. Það er hins vegar enginn hvati fyrir okkur að sækjast eftir verkefnum umfram fjárlög,“ segir Rannveig.

Þar að auki bendir Rannveig á að ekki sé búið að fjármagna málaflokkinn lækningatæki, sem Lyfjastofnun tók við í maí 2011. „Þar eru fyrirtæki sem vilja og þurfa þjónustu. Sú þjónusta hefur hins vegar verið í algjöru lágmarki,“ segir Rannveig. **ingvar@frettabladid.is**



**Föst fjárlög henta ekki okkar rekstri. Við vitum ekki fyrir fram hvaða verkefni við fáum.**

*Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar.*



**BLÓM** Rannsóknir sérfræðinganna voru birtar í vísindaritinu PLoS ONE. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Útbreiðsla íslenskrar flóru:

## Nýjar aðferðir við flokkun

**NÁTTÚRA** Sérfræðingar á Náttúrufræðistofnun Íslands hafa beitt nýjum aðferðum við flokkun útbreiðslumynstra íslensku flórunnar og samanburð þeirra við ýmsa umhverfisþætti.

Niðurstöður rannsóknanna voru nýlega birtar í alþjóðlega vísindaritinu PLoS ONE. Þetta kemur fram á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar.

Við rannsóknirnar hafa sérfræðingarnir notað heimildir um útbreiðslu plantna á Íslandi sem hefur verið safnað saman síðan í lok 19. aldar. Tekist hefur að skilgreina tíu mismunandi útbreiðslumynstur villtra plantna á Íslandi. Umhverfisþættir tengdir hitastigi hafa mest áhrif á útbreiðslumynstrið. **- fb**

Þrjár ráðstefnur fram undan:

## Umhverfisvæn steypa í Hörpu

**BYGGINGAR** Um tvö hundruð manns verða viðstaddir þrjár ráðstefnur sem verða haldnar í Hörpu 13. til 15. ágúst. Ein þeirra snýst um umhverfisvæna steypu en Ólafur H. Wallevik prófessor hefur verið mikill talsmaður fyrir henni.

Hinar tvær ráðstefnurnar í Hörpu eru norræn steinsteypuráðstefna og norræna flotfræðiráðstefnan. **- fb**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Friedrichshafen | 19° | New York | 26° |
| Aþena | 34° | Gautaborg | 23° | Orlando | 33° |
| Basel | 25° | Kaupmannahöfn | 23° | Ósló | 24° |
| Berlín | 23° | Las Palmas | 25° | París | 25° |
| Billund | 24° | London | 25° | San Francisco | 23° |
| Frankfurt | 26° | Mallorca | 29° | Stokkhólmur | 25° |




**Á MORGUN** 5-10 m/s, en hvassara allra syðst.




**FÖSTUDAGUR** 3-8 m/s og víða skúrir.

**RIGNING SYÐST** Lægðardrag fyrir sunnan land gerir það að verkum að það fer að rigna syðst á landinu síðdegis og fram á morgundaginn. Áfram dálítil væta á norðausturhorninu en mestu líkur á bjartviðri á vesturhluta landsins næstu daga.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Laugardagspassi á Þjóðhátíð
Upplifðu Eyjar sem aldrei fyrr og nýttu þér allskyns fríðindi og óvænta glaðninga. Þú þarft ekkert annað.
Tryggðu þér passa á vodafone.is.
Vodafone
Góð samskipti bæta lífið
QUARASHI
FLUGELDASÝNING
JOHN GRANT
JÓNAS SIGURÐSSON
MAMMÚT
SKÍTAMÓRALL
SKONROKK
TUBORG
LÉTTÖL
ÞJÓÐHÁTÍÐ 2014

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar er stærsta geitfjárbú landsins?
**2.** Hver er hámarksrefsing á Íslandi fyrir að smána erlenda þjóð?
**3.** Hversu margir karlar störfuðu við kennslu í grunnskólum landsins í fyrrahaust?

**SVÖR:**
**1.** Á Háafelli í Hvítársíðu. **2.** Sex ára fangelsi. **3.** 908.

Leiddar eru að því líkur að spennistöð hafi jafnvel valdið veikindum íbúa:

# Spennistöð við róló vekur ugg

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Íbúar í nágrenni við leiksvæðið Bjössaróló í Borgarnesi eru uggandi yfir spennistöð sem stendur þar við. Auk þess að standa við leikvöllinn er hún skammt frá tveimur íbúðarhúsum, fimm metrum frá öðru og tíu metrum frá hinu.

Bent er á í bréfi, sem íbúarnir sendu sveitarstjórn Borgarbyggðar í þessum mánuði, að mikil rafsegulsmengun sé frá háspennustrengjum en einn slíkur liggur frá spennistöðinni um leiksvæðið. Enn fremur segir í erindinu að erfitt sé að sanna nokkuð í þessum efnum en bent hafi verið á tengsl alvarlegra sjúkdóma og nálægðar við spennistöð í einu hverfi bæjarins.

Björn Bjarki Þorsteinsson, forseti sveitarstjórnar, segir að erindinu sé tekið alvarlega og leitað hafi verið eftir upplýsingum frá RARIK.

Í skýrslu frá Geislavörnum ríkisins og Brunamálastofnun segir að rannsóknir hafi farið fram víða um heim á hugsanlegum skaðlegum langtímaáhrifum segulsviðs. Þar hefur athyglin einkum beinst að hugsanlegum tengslum slíks segulsviðs og hvítblæðis í börnum. Í samantekt Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar frá 2007 segir hins vegar að fyrirliggjandi vísindaleg gögn séu ekki nægilega sterk til að sýna fram á orsakasamhengi þar á milli. - jse



**SPENNUSTÖÐIN VIÐ LEIKVÖLLINN** Íbúar segja fátt sannað um áhrif segulsviðs en að börn og íbúar eigi að njóta vafans og því skuli fjarlægja spennustöðina. MYND/ÞORLEIFUR GEIRSSON



**HÆTT KOMNIR** Íbúar þessa húss voru hætt komnir þegar stærðarinnar tré féll næstum því á húsið þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

13 hús í Revere í Bandaríkjunum óíbúðarhæf eftir óveður:

# Gífurleg eyðilegging eftir fellibyl

**BANDARÍKIN, AP Íbúar í bænum Revere í Massachusetts í Bandaríkjunum standa nú í hreinsunarstarfi eftir að fellibylur olli miklum skemmdum á heimilum og eignum fólks í bænum á mánudag.**

**Yfirvöld í bænum segja það mestu mildi að enginn hafi slasast alvarlega. Smávægileg meiðsl urðu á fólki. Lítið barn slasaðist þegar glerbrot á flugi lenti á því.**

**„Enginn hefur séð eyðileggingu líka því sem við sáum nú í morgun," sagði bæjarstjóri Revere, Dan Rizzo. „65 byggingar voru mikið eyðilagðar, þar af þrettán sem ekki er lengur hægt að búa í."** - nej

# Löngu tímabært að endurskoða löggjöf

Prófessor við lagadeild Háskóla Íslands segir refsiákvæði í meiðyrðamálum samkvæmt hegningarlögum ekki endurspegla raunverulega framkvæmd dómstóla. Þingmenn Pírata hyggjast beita sér fyrir því að fella ákvæðið úr gildi.

**DÓMSMÁL** Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, segir að þótt refsirammi hér á landi fyrir ýmis brot á friðhelgi einkalífsins, þar með talið meiðyrði og móðganir, sé mjög hár sé hann í engu sambandi við raunverulega framkvæmd dómstóla. Ný skýrsla Alþjóðlegu fjölmiðlastofnunarinnar þar sem borin var saman meiðyrðalöggjöf í Evrópu sýnir að löggjöfin á Íslandi er nokkuð ströng.

„Refsiramminn okkar er frá 1940, þannig að þetta eru orðin mjög gömul hegningarlög sem hafa ekki verið tekin til heildarendurskoðunar," segir Björg. „Síðan hafa breytt viðhorf manna til tjáningarfrelsisins leitt til þess að þungar refsingar fyrir að nýta sér tjáningarfrelsið eru aflagðar hér á landi."

Þau ákvæði almennu hegningarlaganna sem snúa að brotum á friðhelgi einkalífs og meiðyrðum er að finna í 25. kafla. Þar kemur meðal annars fram að hægt sé að dæma einstakling í fangelsi í tvö ár fyrir „ærumeiðandi aðdróttun". Björg segir það „löngu tímabært" að endurskoða þessi ákvæði.

„Framkvæmdin hefur gjörbreyst," segir hún. „Það má segja að þessi kafli hafi sérstöðu innan hegningarlaganna fyrir það að það er algjörlega úrelt, og andstætt sjónarmiðum um tjáningarfrelsi, að dæma mann til fangelsisvistar fyrir að nýta tjáningarfrelsi sitt. Það má segja að það sé álitamál hvort það þurfi yfirleitt að vera refsiákvæði út af því að menn misnoti tjáningarfrelsi, svona í hefðbundnum meiðyrðamálum."

Hegningarlögin íslensku taka sér að miklu leyti til fyrirmyndar danska löggjöf. Björg segir að þar í landi, sem og hér, sé aldrei dæmt til fangelsisvistar í meiðyrðamálum og mjög sjaldan til nokkurrar refsingar yfirhöfuð.



**ÚR HÆSTARÉTTI** Enginn hefur hlotið fangelsisrefsingu hér á landi fyrir meiðyrði, þótt slík refsing rúmist innan laganna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HELGI HRAFN GUNNARSSON**

„Það hafa komið önnur úrræði í staðinn," segir Björg. „Það eru oftar dæmdar skaðabætur, sem renna þá til þess sem var misgert við. Slík mál eru höfðuð á grundvelli skaðabótalaganna."

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir mikla þörf á að endurskoða íslenska meiðyrðalöggjöf. Þingflokkur Pírata lagði á síðasta þingi fram frumvarp um að afnema fangelsisrefsingu við brot á áðurnefndum ákvæðum og hyggst gera það að nýju í haust.



**Refsiramminn okkar er frá 1940 þannig að þetta eru orðin mjög gömul hegningarlög sem hafa ekki verið tekin til heildarendurskoðunar.**

*Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild HÍ.*

„Skilaboðin sem við sendum með þessu er að þetta sé réttmætt, jafnvel þó við göngum aldrei það langt í dómkerfinu sjálfu," segir Helgi Hrafn. bjarkia@frettabladid.is




Fjölskylda á Patreksfirði missti heimili sitt og persónulega muni í bruna:

# Erfið reynsla sem þarf að yfirstíga

**BRUNI** „Ég get ekki lýst tilfinningum mínum í orðum. Þetta er virkilega erfitt. En samt sem áður er ég betri í dag en í gær." Þetta segir Rafal Zoclonski, en betur fór en á horfðist þegar eldur varð laus í íbúðarhúsi hans á Patreksfirði í gærkvöld. Kona hans og barn náðu að forða sér út eftir að eldurinn kviknaði og sakaði þau ekki.



**RAFAL ZOCLONSKI**

Slökkviliðið fékk tilkynningu um eldinn á níunda tímanum í gærkvöldi. Um er ræða tveggja hæða forskalað timburhús en eldurinn kom upp á jarðhæð.

Rafal var í vinnunni þegar honum var tilkynnt símleiðis að heimili hans stæði í ljósum logum. „Ég fór rakleiðis heim og sá þar húsið mitt brenna. Ég vildi fara inn í húsið til að bjarga því sem bjarga mætti en ég mátti það ekki. Konan mín var í áfalli en börnin voru nokkuð hress," segir Rafal.

Húsið er óíbúðarhæft og er neðri hæð hússins gjörónýt. Föt allra fjölskyldumeðlima brunnu inni, en segir Rafal allar þeirra verðmætustu eigur hafa verið á efri hæð hússins og því er hann þakklátur.

„Öll fötin okkar eru ónýt, en það er ekki það sem skiptir mestu máli. Verra þykir mér að rúm barnanna hafi eyðilagst og allt sem þau áttu inni í herbergjunum sínum."

Rafal segir þetta erfiða lífsreynslu sem þurfi þó að yfirstíga. Vinur Rafals mun veita fjölskyldunni húsaskjól fram í ágústmánuð, og leitar fjölskyldan nú að nýrri íbúð.

„Ég er ekki viss um að við getum bjargað íbúðinni. Lyktin er rosalega sterk og hæðin ónýt. En við þurfum að bíða eftir tryggingafulltrúa og sjáum hvernig fer." - sks




GRÍPTU MEÐ ÞÉR POKA Í ÚTILEGUNA

50% AUKAMAGN Á SAMA VERÐI!

— KETTLE CHIPS —

# EINFALDLEGA BETRI

— FLÖGUR —

BÓNUS HAGKAUP

SUMAR TILBOÐ
Gerðu mögnuð kaup!
Fjöldi bíla á staðnum!
WWW.BÍLALAND.IS




TOYOTA YARIS TERRA
Nýskr. 03/13, ekinn 53 þús. km. bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 2.440.000
TILBOÐSVERÐ! 1.990 þús.




TOYOTA AURIS SOL HYBRID
Nýskr. 09/10, ekinn 21 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.090.000
TILBOÐ kr. 2.650 þús.




MMC PAJERO INSTYLE
Nýskr. 05/07, ekinn 100 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.990.000
TILBOÐ kr. 3.290 þús.




BMW 320i
Nýskr. 02/06, ekinn 145 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 1.990.000
TILBOÐ kr. 1.650 þús.




HYUNDAI i30 WAGON COMFORT
Nýskr. 06/08, ekinn 117 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 1.820.000
TILBOÐ kr. 1.390 þús.




SUBARU LEGACY SP. WAGON
Nýskr. 12/09, ekinn 95 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.680.000
TILBOÐ kr. 2.190 þús.




NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 05/11, ekinn 100 þús km. bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.650.000
TILBOÐ kr. 1.390 þús.

bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Fræðslunefnd Fjallabyggðar samþykkti ekki lægsta tilboð í skólamáltíðir:

# Segir klíkuskap ríkja í Fjallabyggð

**SKÓLAMÁL** Fræðslu- og frístundanefnd Fjallabyggðar samþykkti tilboð Kaffi Rauðku í skólamáltíðir í grunnskóla bæjarins. Tilboðið er ekki það lægsta sem barst nefndinni. Mikil óánægja ríkir vegna þessa.

Tilboðið sem nefndin samþykkti er 25.380 krónum hærra á hvert barn í sveitarfélaginu árlega en lægsta tilboðið. Um 205 nemendur eru í skólanum og því er tilboðið um 5,3 milljónum hærra á ári en lægsta tilboðið.

Aðalheiður Ólafsdóttir, sem lagði fram tilboð sem var hafnað, segir að klíkuskapur ráði ferðinni. Hún segir að eigandi Kaffi Rauðku, Róbert Guðfinnsson, sé mikils metinn í sveitarfélaginu og hafi komið með mikið fjármagn inn í Fjallabyggð.

Formaður nefndarinnar, Nanna Árnadóttir, segir fagleg sjónarmið hafa legið að baki ákvörðuninni. Hún segir að matreiðslufólk Kaffi Rauðku sé faglært og staðurinn hafi næringarfræðinga á sínum snærum. Aðrir hafi ekki boðið upp á neitt sambærilegt. **- sój**



**HOLLT OG NÆRINGARRÍKT** Fræðslunefnd Fjallabyggðar ætlar að endurskoða ákvörðun sína þrátt fyrir að nefndin segi hana vera byggða á faglegum rökum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**EINA ORKUVERIÐ EYÐILAGT** Púsundir Palestínubúa eru nú á vergangi vegna árása Ísraelsmanna. Í fjarska má sjá svartan reyk stíga upp af eina orkuveri svæðisins en einn orkurafall versins var sprengdur í loft upp í gær. Því þurfti að loka verinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Yfir hundrað létust á einum degi á Gasa

Eina orkuverið á Gasasvæðinu varð fyrir sprengju í gær og þurfti að loka því. Rafmagnsleysið skapar enn meira hættuástand á svæðinu. Ísraelsmenn hafa sett aukinn þunga í árásir sínar til að senda Hamas skilaboð. Yfir hundrað létust í gær.

**GASA** Ísraelsmenn beittu auknum krafti í árásum sínum á Gasa í gær og létust yfir hundrað Palestínumenn í árásunum. Ísraelskur hermaður sagði í samtali við BBC að fjölgun árása merkti stigvaxandi þrýsting á Hamas-liða.

Í gærmorgun kviknaði í eina orkuverinu á svæðinu og því þurfti að loka því. Síðan árásirnar hófust, fyrir um þremur vikum, hafa íbúar á svæðinu búið við það að rafmagn sé einungis í boði í nokkrar klukkustundir á sólarhring. Búist er við því að ástandið versni enn frekar þar sem íbúarnir þurfa að treysta á að nágrannar þeirra, Ísraelsmenn og Egyptar, sjái þeim fyrir rafmagni.

Jamal Dardasawi, talsmaður orkufyrirtækisins, varaði við því að hættuástand myndi skapast á svæðinu ef ekki væri gripið til aðgerða. „Þetta mun hafa áhrif á sjúkrahús og vatnsframboð. Allir þættir lífs á svæðinu eru nú í hættu,“ sagði Dardasawi.

Eftir hið gríðarlega mikla mannfall gærdagsins steig hátt settur embættismaður Palestínumanna á Vesturbakkanum fram og sagði fylkingar á svæðinu tilbúnar til þess að fallast á einhliða vopnahlé í að minnsta kosti sólarhring. Sameinuðu þjóðirnar hafa að undanförnu reynt að stöðva ofbeldið á Gasa tímabundið til þess að skapa grundvöll fyrir umræður um lok átakanna.

Yasser Abed Rabbo, framkvæmdastjóri frelsissamtaka Palestínu, sagði síðdegis í gær að samstaða væri á meðal hinna stríðandi fylkinga innan Palestínu að fallast á vopnahléið. Ísraelsmenn sögðust ekki geta tekið tillöguna alvarlega nema hún kæmi beint frá Hamas-liðum. Stuttu síðar sagði Sami Abu Zuhri, talsmaður Hamas, í samtali við Reuters: „Hamas samþykkti aldrei það sem Abed Rabbo sagði.“ Segjast Hamas-liðar fagna vopnahléi ef Ísraelsmenn geta gefið einhverja tryggingu fyrir því að þeir hyggist standa við orð sín og komi ekki til með að rjúfa vopnahléið.

> **Þetta mun hafa áhrif á sjúkrahús og vatnsframboð. Allir þættir lífs á svæðinu eru nú í hættu.**
>
> *Jamal Dardasawi, Talsmaður orkufyrirtækisins*

Tæplega tólf hundruð Palestínumenn hafa látist í árásunum samkvæmt tölum frá palestínskum yfirvöldum og um sjö þúsund hafa særst. Á sama tíma hafa 54 ísraelskir hermenn látist og þrír óbreyttir borgarar – tveir Ísraelsmenn og einn Taílendingur. **nanna@frettabladid.is**

Aðgengi rússneskra ríkisbanka að fjármagni á alþjóðamarkaði takmarkað:

# ESB herðir viðskiptaþvinganir

**RÚSSLAND** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun herða viðskiptaþvinganir gegn Rússum vegna deilunnar við Úkraínumenn. Viðskiptaþvinganirnar munu ná til verslunar með olíu og tæknivara. Þá er líklegt að takmarkanir verði settar á aðgang rússneskra ríkisbanka að erlendu fjármagni.

Með þessu vill Evrópusambandið bregðast við stuðningi rússneskra stjórnvalda við uppreisnarmenn í austurhluta Úkraínu. Stjórnvöld í Rússlandi neita ásökunum Evrópusambandsins og Bandaríkjamanna um að Rússar útvegi uppreisnarmönnunum þungavopn.

BBC, fréttastofa breska ríkisútvarpsins, sagði í gær að enn ætti eftir að greina frá smáatriðum varðandi viðskiptaþvinganirnar. Búist er við því að yfirlýsing um þær verði birt í dag. Þá muni Evrópusambandið greina frá því að eigur fleiri háttsettra rússneskra embættismanna verði frystar og þeim meinað að ferðast til Evrópu.

Aukinn þrýstingur hefur verið settur á Evrópusambandið um harðari aðgerðir gegn Rússum eftir að malasísk farþegaþota var skotin niður í lofthelgi Úkraínu fyrr í mánuðinum. Tæplega 300 manns fórust með vélinni og voru flestir þeirra hollenskir ríkisborgarar. Stjórnvöld á Vesturlöndum telja að uppreisnarmenn hafi skotið vélina niður með rússnesku loftskeyti. **- jhh**



**JOHN KERRY** Utanríkisráðherra Bandaríkjanna telur að rússnesk stjórnvöld hafi látið uppreisnarmenn hafa vopn. NORDICPHOTOS/AFP

– KOMDU NÚNA –

# TAXFREE DAGAR

## 20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

**SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR | SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR | BORÐSTOFUSKÁPAR | BAKBORÐ | HORNBORÐ | ALLSKONAR-SMÁVARA | O.FL. | O.FL.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

**VIDIVI** GLASASETT
6 STK.

TAXFREE VERÐ FRÁ!
7.960
KRÓNUR



**AROS** STÓLAR
MARGIR LITIR



TAXFREE VERÐ!
11.944
KRÓNUR

**OREGON**
TUNGUSÓFI

TAXFREE VERÐ!
159.354
KRÓNUR



Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 240 x 153 H:85 cm
Tunga getur verið beggja vegna

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
**OG** Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

## HEIMURINN




### Bandaríkjamenn hræddir við ebólu

**1** **BANDARÍKIN, AP** Sýkingar af völdum ebólu í Vestur-Afríku valda ótta og raska ferðaáætlunum fólks í Minnesota í Bandaríkjunum. Þangað hafa þúsundir manna frá Líberíu flust undanfarin ár.

Áhyggjurnar hafa aukist við fráfall Patricks Sawyer, embættismanns hjá ríkisstjórn Líberíu, af völdum sjúkdómsins, örfáum vikum áður en hann ætlaði að fljúga til Minneapolis að heimsækja eiginkonu sína og börn. Ekkja hans, Decontee Sawyer, hefur vakið máls á málinu vestra, til að auka vitund fólks um hættuna á því að ebólu-vírusinn berist með flugfarþegum milli landa.

### Pólverjar mega styrkja LOT



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**2** **BELGÍA, AP** Samkeppniseftirlit Evrópusambandsins (ESB) hefur fallist á að pólska ríkið styrki ríkisflugfélagið LOT, sem staðið hefur höllum fæti. Styrkurinn er í formi láns upp á 200 milljónir evra, eða sem svarar tæpum 30,9 milljörðum króna. Framkvæmdastjórn ESB segir að aðstoðin brjóti ekki reglur sambandsins um ríkisaðstoð þar sem hún „gerir félagið lífvænlegt til lengri tíma, án þess að skekkja samkeppnisumhverfi um of“. Flugfélagið er sagt hafa átt í erfiðleikum árum saman.

### Stór skjálfti í Mexíkó

**3** **MEXÍKÓ, AP** Stór jarðskjálfti reið yfir austurhluta Mexíkó í gær, án þess þó að fregnir væru af eignatjóni eða meiðslum. Jarðfræðistofnun Bandaríkjanna segir að skjálftinn hafi verið 6,3 stig á Richter og á 95 kílómetra dýpi, með upptök í Veracruz, rúma 400 kílómetra austsuðaustur af Mexíkóborg.

„Jarðskjálftar af þessari gerð eru stuttir og hraðir,“ sagði Luis Felipa Puente, hjá samhæfingarmiðstöð almannavarna í Mexíkó, í viðtali við sjónvarpsstöðina Televisa. Þá hafi mjög djúpt verið á skjálftanum. „Vegna þessa voru áhrif á byggingar óveruleg.“

## Sprengjuregn í íbúðahverfi í Dónetsk í austanverðri Úkraínu



**Á HLAUPUM INN Í SKEMMDA BLOKK** Kona flýtir sér inn í fjölbýlishús í Dónetsk, í austurhluta Úkraínu, í gær, fram hjá líki manns sem var við störf fyrir utan húsið þegar loftskeytaárás hófst þar í gærmorgun. Íbúar sögðu að skotið hefði verið frá svæði þar sem úkraínski herinn hefur komið sér fyrir. Dónetsk er á valdi aðskilnaðarsinna sem hliðhollir eru Rússum og þykja árásir á íbúðabyggð þar endurspegla stigmögnun átaka á svæðinu og mögulega vera til marks um aukna áherslu stjórnvalda í Úkraínu á að brjóta á bak aftur sveitir aðskilnaðarsinna. Mannfall almennra borgara hefur aukist í austurhluta Úkraínu síðustu daga vegna skotflauganotkunar bæði aðskilnaðarsinna og herliðs Úkraínu. Sameinuðu þjóðirnar og hjálparsamtök hafa brugðist við auknu mannfalli með gagnrýni og ákalli um að stríðandi fylkingar leggi niður vopnin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þú finnur réttа bílinn á **benni.is**

# Gæðabílar á góðu verði


**Audi Q7 Quattro**
Nýskráður: Júní 2006 | Ekinn: 76.000 km.
Dísel | Sjálfskiptur
**VERÐ: 5.750.000 KR.**


**Mercedes Benz C 200 Kompressor**
Nýskráður: Nóvember 2006 | Ekinn: 103.000 km.
Bensín | Sjálfskiptur
**VERÐ: 2.590.000 KR.**


**BMW 318d**
Nýskráður: Október 2010 | Ekinn: 68.000 km.
Dísel | Sjálfskiptur
**VERÐ: 3.990.000 KR.**


**Chevrolet Cruze LTZ**
Nýskráður: Apríl 2011 | Ekinn: 36.000 km.
Bensín | Sjálfskiptur
**VERÐ: 2.490.000 KR.**


**Skoda Octoavia Ambiente Combi**
Nýskráður: Apríl 2004 | Ekinn: 225.000 km.
Dísel | Beinskiptur
**VERÐ: 1.190.000 KR.**


**VW Golf Trendline**
Nýskráður: Apríl 2004 | Ekinn: 65.000 km.
Bensín | Sjálfskiptur
**VERÐ: 1.190.000 KR.**

**Bílabúð Benna • Notaðir bílar**
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2035

**Bílabúð Benna Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 9 • 260 Reykjanesbæ
Sími: 420 3330

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

www.n1.is facebook.com/enneinn

ÍSLENSKA SIA.IS ENN 70054 07/14

# FIMMFALT punkta PARTÍ í dag

## Komdu í partí!

Punktapartí í dag, miðvikudaginn 30. júlí, á þjónustustöðvum N1 um allt land. Fimmfaldir punktar með hverjum bensín- og dísellítra.

### Einstök partítilboð á þjónustustöðvum N1:

**Coke/Coke Light**
12 × 0,33 l – Klárt í kælinn



500 kr.
+1.000 punktar
Punktar gilda: ×2

**Tjaldlukt**
Varta



990 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð: 2.990 kr.
Punktar gilda: ×2

**Ferðataska barna***
*Á völdum stöðvum



6.900 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð: 9.900 kr.
Punktar gilda: ×3

**Boot Camp spilið**
Borðspil



2.490 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð: 4.490 kr.
Punktar gilda: ×2

**Boot Camp spilið**
Spilastokkur



0 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð: 1.990 kr.
Punktar gilda: ×2

**Bílar/tæki**
6 tegundir



2.990 kr. stk.
+1.000 punktar
Almennt verð: 5.990 kr.
Punktar gilda: ×3

**DVD**
Teletubbies 1, 2 eða 3



690 kr. stk.
+1.000 punktar
Almennt verð: 2.690 kr.
Punktar gilda: ×2

**Grillhöld**



2.990 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð: 7.990 kr.
Punktar gilda: ×5

**Bílabingo**



0 kr.
+990 punktar
Almennt verð: 1.290 kr.
Punktar gilda: ×2

**DVD**
Secret Life of Walter Mitty



890 kr.
+1.000 punktar
Almennt verð: 2.890 kr.
Punktar gilda: ×2

### N1 kortið er boðskortið þitt í partíið

N1 korthafar halda afsláttarkjörum sínum en að auki fimmfaldast punktarnir með hverjum lítra af bensíni og dísel.
Tilboðin gilda til 10. ágúst 2014 eða meðan birgðir endast.

## Punktur er punkts gaman!

Komdu í partí

N1

Hvað eru þeir að hugsa sem moka undir rassgatið á þeim hópum sem best hafa það í samfélaginu?

# Hálaunafólk án jarðtengingar



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Falskur hljómur er í undrun Samtaka atvinnulífsins á því launaskriði sem hér hefur átt sér stað hjá stjórnendum og millistjórnendum. Ef einhver á að vera með puttann á púlsinum þegar kemur að launaþróun þá eru það einmitt Samtök atvinnulífsins, sem í kjarasamningum fara með samningsumboð fyrir stóran hluta fyrirtækja í landinu.

Þá getur tæpast talist annað en útúrsnúningur að halda því fram að launahækkanir forstjóra og millistjórnenda í fyrirtækjum síðustu ár séu svipaðar og jafnvel minni en nemi almennri launaþróun í landinu, jafnvel þótt hlutfallsleg hækkun sé svipuð, um 45 prósent á móti 43 prósentum, frá árinu 2006.

Fjörutíu og fimm prósenta hækkun á hundrað þúsund krónur skilar 45 þúsund krónum. Sama hækkun á milljón skilar hálaunamanninum 450 þúsund krónum. Samt er inntakið í tilkynningu sem Samtök atvinnulífsins sendu frá sér á mánudag að launaþróunin hafi verið með áþekkum hætti. Samt er annar að fá rúmlega 400 þúsund krónum meiri hækkun en hinn. Er hækkunin áþekk? Nei. Er þetta hópurinn sem í mestri þörf var fyrir kjarabót? Nei.

Venjulegu fólki hlýtur að ofbjóða þegar upplýsist að stjórnendur og millistjórnendur fyrirtækja þessa lands hafi á síðasta ári skammtað sér og sínum margfaldar launahækkanir á við þær sem öðrum standa til boða; hækkanir upp á tugi ef ekki hundruð þúsunda á mánaðarlaunin. Á sama tíma hömruðu samtök þessara fyrirtækja á því í sjónvarpsauglýsingum fyrir síðustu kjarasamninga að launþegar yrðu að stilla kröfum sínum í hóf til þess að tryggja hér verðstöðugleika.

Ekki er laust við að sú hugsun leiti á að þessum sömu fyrirtækjum sé kannski illa stjórnað, af fólki sem ekki kann fótum sínum forráð í græðgi sinni. Héldu stjórnendur íslenskra fyrirtækja að það tæki enginn eftir því hvaða laun þeir skammta sér? Eða er jarðtengingin svo lítil að fólki finnist bara allt í lagi að skammta sér launahækkanir sem nema tvö- og þreföldum mánaðarlaunum verkafólks í landinu?

Það liggur í hlutarins eðli að ætli menn að halda áfram að moka undir rassgatið á hálaunafólki þá þarf hinn almenni launamaður að fá eitthvað í sinn hlut líka. Holur hljómur er þá í ákalli um að allur almenningur axli ábyrgð á verðlagsþróun í landinu og sætti sig við lág laun. (Verðlagsþróun sem hvort eð er ræðst að mestu af öðrum hlutum, svo sem hrávöruverði í útlöndum, verði á olíu og öðrum innflutningi, í takti við dynti örmyntarinnar sem hér er haldið úti.)

Í þessum tölum um launaskrið stjórnenda, sem í hámæli komust í tengslum við birtingu álagningarskráa skattsins, endurspeglast líka það óréttlæti sem felst í að semja um prósentuhækkanir launa. Hví skyldi sá sem er með hæstu launin fá mestu hækkunina og sá minnst sem lægstu launin hefur? Mætti velta fyrir sér krónutöluhækkun á línuna? Eða er þar gengið of freklega á hlut þeirra sem mest fá?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
**ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Verða að taka af allan vafa

Meint afskipti Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra af rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á „lekamálinu“ svokallaða komust í hámæli í gær. Stefán Eiríksson, fráfarandi lögreglustjóri, sagðist í samtali við Vísi ekki hafa ákveðið að láta af störfum vegna þrýstings frá ráðherra, eins og fram kom í DV í gær. Stefán vildi hins vegar ekki tjá sig um það hvort hann hefði yfir höfuð orðið fyrir þrýstingi vegna málsins, þótt hann hefði ekki látið af störfum vegna þessa. Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari hefur ekki viljað tjá sig við fjölmiðla um málið. Það er gríðarlega mikilvægt að annaðhvort lögreglustjóri eða ríkissaksóknari taki af allan vafa um málið. Afskipti innanríkisráðherra af rannsókn á ráðuneytinu eru ólíðandi í lýðræðisþjóðfélagi.





### Opið hús

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, leggur til í grein á Evrópuvaktinni að forsætisráðherra hafi „opið hús“ einu sinni í mánuði til að svara spurningum almennings milliliðalaust. Styrmir stingur upp á þessu þar sem hann telur forsætisráðherra kvarta sáran yfir því hvernig fjölmiðlamenn, sem gjarnan séu milliliðir stjórnmálamanna og fólksins, hagi sér. Hann segir það umhugsunarefni fyrir stjórnmálamenn hvort þeir eigi að hugleiða að skapa sér nýjan farveg í samskiptum við fólkið í landinu, en Ed Miliband, leiðtogi breska Verkamannaflokksins, hefur sett fram hugmyndir um að almennir borgarar geti beint fyrirspurnum til forsætisráðherra í breska þinginu.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Gasa: Hvað er til ráða?

UTANRÍKISMÁL



Svandís Svavarsdóttir
þingmaður Vinstri grænna

Þegar þetta er skrifað hafa yfir þúsund manns látist á Gasa. Meirihluti þeirra eru óbreyttir palestínskir borgarar, og yfir 200 þeirra eru börn. Eins og fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum benti á þegar hún ávarpaði Öryggisráðið í síðustu viku er rótin að átökunum hernám Ísraels á Gasa og Vesturbakkanum. Enginn friður fæst á svæðinu á meðan Ísraelsher heldur Palestínumönnum í gíslingu í eigin landi og brýtur ítrekað á réttindum þeirra.

En hvað er til ráða? Hvað getum við gert til að knýja Ísraelsstjórn til að fara að alþjóðalögum og draga herlið sitt til baka frá Palestínu? Í fyrsta lagi ættum við að skoða vel hvort beita megi viðskiptaþvingunum á Ísrael til að knýja fram frið, sambærilegar þeim sem settar voru á aðskilnaðarstjórnina í Suður-Afríku á sínum tíma. Raunar getum við öll lagt okkar af mörkum í þeim efnum nú þegar með því að sniðganga ísraelskar vörur frá hernumdu svæðum Palestínu. Hér myndi hjálpa til ef slíkar vörur væru merktar sérstaklega, eins og kveðið er á um í þingsályktunartillögu Árna Þórs Sigurðssonar, þingmanns Vinstri grænna, frá síðasta vetri. Sú tillaga verður endurflutt í haust og hlýtur vonandi framgöngu á Alþingi.

**➜ Í ljósi sögu Íslands og Bandaríkjanna ætti Ísland að leita allra leiða til að þrýsta á Bandaríkin um að endurskoða stuðning sinn við framferði Ísraelshers í Palestínu.**

Í öðru lagi getum við að sjálfsögðu þrýst á Ísraelsmenn eftir diplómatískum leiðum. Mikið hefur verið rætt um að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael og er sú hugmynd allrar athygli verð í ljósi alvarleika málsins. Einnig þyrfti að skoða hvort Ísland geti gripið til diplómatískra aðgerða sem eru sambærilegar því þegar Brasilía og Ekvador drógu sendiherra sína til baka frá Ísrael í síðustu viku. Í þriðja lagi er enn ekki útséð um að Sameinuðu þjóðirnar geti komið að lausn deilunnar, en þá skiptir miklu máli að breyta afstöðu Bandaríkjanna. Hingað til hafa Bandaríkin staðið í vegi fyrir öllum raunverulegum aðgerðum til að þrýsta á Ísrael á vettvangi SÞ, meðal annars með því að beita neitunarvaldi sínu í Öryggisráði SÞ ótal sinnum. Í ljósi sögu Íslands og Bandaríkjanna ætti Ísland að leita allra leiða til að þrýsta á Bandaríkin um að endurskoða stuðning sinn við framferði Ísraelshers í Palestínu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Aðgerða er þörf til að bæta stærðfræðikunnáttu

MENNTUN



**Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir**
skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti

Fyrr í þessum mánuði var birt úttekt á stærðfræðikennslu í framhaldsskólum. Samkvæmt niðurstöðum hennar er staða stærðfræðinnar í skólakerfinu vægast sagt dapurleg hvort sem litið er til kennslu, kennslugagna, námskrárviðmiða eða gæðaeftirlits.

Í níu framhaldsskólum sem skoðaðir voru, hafði meirihluti kennara minni menntun í stærðfræði en krafa er um í lögum og reglugerðum. Þannig störfuðu samtals 73 stærðfræðikennarar í skólunum níu. Aðeins 18 þeirra voru með háskólapróf í stærðfræði og þar af kenndu 11 í Menntaskólanum í Reykjavík. Jafnframt kemur fram í skýrslunni að nemendur setjast á skólabekk í framhaldsskóla afar misvel undirbúnir úr grunnskóla.

Námsundirbúningur og námshæfni nemenda annars vegar og gæði kennslunnar hins vegar eru augljóslega þeir þættir sem mestu ráða um árangur. En getum við sætt okkur við það að lítill hluti nemenda í íslenskum framhaldsskólum fái kennslu kennara sem eru menntaðir í stærðfræði? Er réttlátt að það séu fyrst og fremst nemendur sem koma inn í framhaldsskólann með háar einkunnir úr grunnskóla sem fá að njóta kennslu fagmenntaðra kennara á framhaldsskólastigi? Á tímum þar sem hrópað er á meiri kunnáttu í tæknigreinum, sem allar byggja fyrst og fremst á stærðfræðimenntun, vanrækjum við grunninn. Við verðum að bæta úr þessu þegar í stað. Góð stærðfræðimenntun á að vera almenningseign og ekki standa einungis til boða þeim nemendum sem læra fljótt og auðveldlega. Allir eiga rétt á að læra mikla stærðfræði. Góð stærðfræðimenntun er ein tryggasta leiðin til góðra starfa og afkomu á þeirri tækniöld sem nú er gengin í garð.

### Niðurstaða úttektar um stærðfræðikennslu í framhaldsskólum

| Nokkrar athugasemdir skýrsluhöfunda | Í ráðandi stöðu til að bæta úr: Ráðherra | Skólameistarar | Kennarar |
|---|---|---|---|
| **Menntun kennara, kennsluefni, gæðaeftirlit og samhengi í stærðfræðinámi** | | | |
| Menntun stærðfræðikennara er ábótavant | ■ | | |
| Endurmenntun kennara er illa sinnt | ■ | | |
| Skortur er á vönduðu kennsluefni | ■ | | |
| Ekkert gæðaeftirlit er með kennsluefni | ■ | | |
| Lítið eftirlit er með kennslu í skólunum, hvort skólar sinni sínu hlutverki og nái settum markmiðum | ■ | ■ | |
| Lítið samráð er um stærðfræðikennslu milli einstakra skóla og milli skólastiga (grunn-, framhalds- og háskóla) | ■ | ■ | ■ |
| **Stærðfræðinám og stærðfræðikennsla í framhaldsskólum** | | | |
| Framhaldsskólar eru almennt fjarri því að uppfylla kröfur námskrár | ■ | ■ | ■ |
| Mikill munur er á námsáföngum milli skóla varðandi innihald og námskröfur | ■ | ■ | ■ |
| Sumir framhaldsskólar hafa ekki nægilega vel menntaða stærðfræðikennara til að starfrækja náttúrufræðibrautir | ■ | ■ | ■ |
| Náttúrufræðibraut sumra framhaldsskóla veitir ónógan undirbúning fyrir háskóla | ■ | ■ | ■ |
| Nám í stærðfræði á brautum sem krefjast lítillar stærðfræði er ekki í samræmi við lokamarkmið náms | ■ | ■ | ■ |
| Tölfræðinám í framhaldsskóla er almennt ekki gott | ■ | ■ | ■ |
| Aðferðir við dæmalausnir eru í forgrunni í kennslunni, það vantar að sinna fleiri markmiðum og auka dýpt námsins | | | ■ |
| **Forsendur, viðhorf og námsástundun nemenda** | | | |
| Fjölmargir nemendur ljúka grunnskóla með ófullnægjandi undirbúning í stærðfræði | ■ | | |
| Tími í kennslustundum er illa nýttur – nemendur mæta seint og athyglin er stopul | | ■ | ■ |
| Vinna með skóla hindrar námsárangur hjá mörgum nemendum | | | |

**Borðleggjandi hugmynd**

Hvað er til ráða? Skýrsluhöfundar leggja til ýmislegt. Það er mikilvægt að skoða tillögur þeirra vandlega og hefjast handa við áætlanagerð. Hugmynd þeirra um fagráð sem vakir yfir stærðfræðikennslu í landinu er borðleggjandi. Rétt væri að stofna það strax. Einnig þarf að grípa á lofti tillögu þeirra um að veita núverandi stærðfræðikennurum viðbótarmenntun í stærðfræði til að styrkja kunnáttu þeirra í greininni. Setja þarf inn einhvers konar hvata, til að greiða fyrir því að kennarar grípi tækifærið og sæki sér frekari menntun.

Um væri að ræða bráðaaðgerðir. Ég óttast að við höfum ekki tíma til að bíða eftir því að nógu margir einstaklingar ljúki háskólaprófi í stærðfræði og öðlist réttindi til að kenna í framhaldsskólum. Þeir fáu sem útskrifast með háskólamenntun í stærðfræði sækja að öllu jöfnu í önnur störf, sem njóta meiri virðingar og eru betur launuð en kennarastarfið hefur verið til þessa.

**Kennarar sóttir til útlanda?**

Ef til vill er kostur að sækja til útlanda góða og vel menntaða stærðfræðikennara. Enn ein lausn til að bæta almenna stærðfræðimenntun og gæta jafnræðis gagnvart nemendum er að hefja umfangsmikla framleiðslu á kennsluefni á myndbandi sem sett yrði á netið. Fyrirmynd eru fyrirlestrar Khan Academy, sem margir íslenskir nemendur njóta nú þegar góðs af, ásamt stærðfræðinemendum um heim allan. Slíkt efni á íslensku greiðir fyrir sjálfsnámi, jafnar tækifæri nemenda og getur orðið kennurum í skólunum ómetanlegur stuðningur.

**→ Góð stærðfræðimenntun á að vera almenningseign og ekki standa einungis til boða þeim nemendum sem læra fljótt og auðveldlega.**

Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, hefur þegar lýst því yfir að skýrsluna beri að taka alvarlega og að hrinda þurfi af stað aðgerðum til að bæta stærðfræðimenntun í landinu. Við skólafólkið þurfum síðan að fylgja málinu í höfn. Í meðfylgjandi töflu er gróf flokkun á athugasemdum skýrsluhöfunda ásamt tilraun til að tilgreina undir hverja úrbætur um einstök atriði heyra.

Við getum vel breytt þessu ef við tökum höndum saman!

# Sameiningar á Vesturlandi

STJÓRNSÝSLA



**Regína Ásvaldsdóttir**
bæjarstjóri Akraness

Akranes slagar upp í Vestfirði. Þessa fyrirsögn mátti lesa í Fréttablaðinu þann 25. júlí sl. þar sem borinn var saman íbúafjöldi á Akranesi og á öllum Vestfjörðum. Íbúum á Akranesi hefur fjölgað jafnt og þétt síðasta áratug enda fjölskylduvænt samfélag og atvinnuástand gott. Samkvæmt síðustu tölum frá Hagstofu Íslands eru íbúar nú um 6.750. Auk þess starfa á annað þúsund manns við stóriðjuverin á Grundartanga, sem er í næsta nágrenni. Næstfjölmennasti þéttbýliskjarninn á Vesturlandi er í Borgarnesi, en þar búa rúmlega 1.800 manns. Þrátt fyrir þessa staðreynd, að Akranes sé langfjölmennasti byggðarkjarninn á Vesturlandi – og nálægt því að vera með sama íbúafjölda og á öllum Vestfjörðum samanlagt, þá dettur stjórnvöldum í hug að flytja sýslumannsembættið á Akranesi til Stykkishólms og lögreglustjóraembættið í Borgarnes.

Að vísu segist innanríkisráðherra ekki vera búinn að ákveða endanlega staðsetningu embættanna en samkvæmt umræðuskjali hans um sameiningu sýslumanns og lögreglustjóraembætta þá eru þetta tillögurnar.

Langfjölmennasta lögregluliðið á Vesturlandi er á Akranesi og hér er eina lögreglustöðin á svæðinu sem er með sólarhringsvakt, enda er málafjöldinn langmestur.

**Miðlæg rannsóknardeild**

Miðlæg rannsóknardeild fyrir allt Vesturland hefur verið staðsett á Akranesi frá árinu 2007 og þar hefur byggst upp mikil sérþekking, meðal annars í rannsóknum kynferðisbrotamála en deildin hefur það hlutverk að veita rannsóknaraðstoð til smærri embættanna á Vesturlandi vegna alvarlegra brota sem þar eru framin. Lögreglan á Akranesi og bæjaryfirvöld hafa einnig unnið saman í heimilisofbeldismálum og hafa í þeirri vinnu stuðst við reynslu lögreglunnar á Suðurnesjum.

**→Langfjölmennasta lögregluliðið á Vesturlandi er á Akranesi og hér er eina lögreglustöðin á svæðinu sem er með sólarhringsvakt enda er málafjöldinn langmestur.**

Nýlega var tilkynnt um ráðningu nýrra sýslumanna og lögreglustjóra á landinu og vil ég fyrir hönd bæjaryfirvalda á Akranesi óska þeim Úlfari Lúðvíkssyni, sem tekur við embætti lögreglustjóra á Vesturlandi, og Ólafi Ólafssyni, sem tekur við embætti sýslumanns á Vesturlandi, til hamingju með ráðningarnar. Jafnframt óska bæjaryfirvöld eftir viðræðum hið fyrsta um endanlegt val á aðalstöðvum nýju embættanna enda um mikið hagsmunamál íbúanna á Akranesi að ræða.



# 30% AF ÖLLUM ÚTILEGUVÖRUM TIL 31. ÁGÚST




Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Garðabæ, Kringlunni, Smáralind og Skeifunni. Minna úrval í öðrum verslunum.




**Way Better snakk**
Tortillaflögur með spíruðu heilkorni og fræjum.




**Pik-Nik Cheese snakk**
Gott í útileguna.

488 kr/stk
verð áður 697

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa




**Holta vængir**
Buffaló og BBQ, 800 gr.

Mundu eftir grillpinnunum




**Sykurpúðar extra stórir**
Tilvaldir á grillið.

Gott í ferðalagið!




**Coke 12 dósir í kassa**




Gildir til 3. ágúst á meðan birgðir endast.

## JENSEN´S BBQ SVÍNARIF




- þarf aðeins að hita í ofni eða á grilli

## JENSEN´S PULLED PORK




- búðu til einstaka grísasamloku!

**24 Hagkaup**

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!



NJÓTTU HELGARINNAR
ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
LAMBAFILE
3.999 kr/kg
verð áður 4.999
Þú finnur úrval af lambakjötsuppskriftum á hagkaup.is!
SS
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
GRÍSALUNDIR
ÍSLENSKAR, FROSNAR
1.199 kr/kg
verð áður 1.499
Holta
100% HREIN AFURÐ
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
2.174 kr/kg
verð áður 2.899
SS
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
LAMBATVÍRIFJUR
KRYDDLEGNAR
2.542 kr/kg
verð áður 3.389
ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans
BBQ marineraðar og án marineringu
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
REYKTAR GRÍSA-KÓTILETTUR
1.609 kr/kg
verð áður 2.299
ÍSFUGL
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
KALKÚNALUNDIR
2.474 kr/kg
verð áður 3.299
HAGKAUPS GRILL LAMBALÆRI
MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM
Frábært í útileguna!
HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## MERKISATBURÐIR

**1874** Kristján 9. konungur Íslands og Danmerkur kom til Íslands til að vera viðstaddur þjóðhátíð í byrjun ágúst. Hann var fyrsti konungur Íslands sem kom til landsins.

**1907** Friðrik 8. konungur Íslands og Danmerkur kom til Íslands og ferðaðist um Suðurland auk þess að fara til Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar.

**1909 Giftar konur fengu kosningarétt á Íslandi, svo og þær vinnukonur sem greiddu opinber gjöld.**




**1932** Sumarólympíuleikar voru settir í Los Angeles.

**1946** Bifreið var ekið í fyrsta sinn úr Fljótum um Lágheiði og til Ólafsfjarðar og tók ferðin sex klukkustundir.

**1951** Örn Clausen varð Norðurlandameistari í tugþraut, þá 22 ára gamall.

**1977** Stálvík í Garðabæ hleypti af stokkunum fyrsta skuttogara sem smíðaður var hérlendis, Stálvík SI.

**1980** Vanúatú fékk sjálfstæði frá Bretlandi og Frakklandi.

**1994** Langferðabíll með 32 erlenda ferðamenn valt út af veginum fyrir ofan Bólstaðarhlíð í Húnavatnssýslu. Fjölmargir slösuðust og ellefu voru lagðir á sjúkrahús.

**ÞETTA GERÐIST:** 30. JÚLÍ 1980

## Vanúatú öðlaðist sjálfstæði



Lýðveldið Vanúatú er eyríki í Suður-Kyrrahafi, 1.750 kílómetra austan við Ástralíu og 500 kílómetra norðaustan við Nýju-Kaledóníu, vestan við Fídjieyjar og sunnan við Salómonseyjar. Í eyjaklasanum eru 83 eyjar en klasinn hét Nýju-Suðureyjar á nýlendutímanum. Upphaflega voru eyjarnar byggðar Melanesum en Melanesía er svæði í Eyjaálfu sem nær vestur frá Kyrrahafi að Arafurahafi fyrir norðan og norðaustan Ástralasíu.

Á 18. öld hófu Evrópubúar að setjast þar að og 1880 gerðu bæði Bretland og Frakkland tilkall til yfirráða yfir hluta eyjanna. Árið 1906 settu löndin þar upp sameiginlegt yfirráðasvæði en á áttunda áratugnum jókst þrýstingur á sjálfstæði sem fékkst þennan dag árið 1980.

Í kjölfarið var lýðveldinu skipt í sex mismunandi svæði árið 1994; Malampa, Penama, Sanma, Shefa, Tafea og Torba. Hvert svæði fyrir sig kýs yfir sig ákveðna stjórn sem sér um innheimtu skatta og setur lög varðandi hluti eins og túrisma þar sem eyjan er vinsæll ferðamannastaður.



**RAGNHILDUR JÓNSDÓTTIR** „Það finna allir fyrir þessari orku þegar þeir koma í garðinn." FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Það styttir alltaf upp

**Listamannadagurinn verður haldinn hátíðlegur í Álfagarðinum á laugardaginn en þar verður til dæmis danshópur frá Þýskalandi að túlka verur náttúrunnar.**

„Við erum búin að vera með Álfagarðinn í fjögur ár og höfum alltaf verið með Listamannadaginn," segir Ragnhildur Jónsdóttir en hinn árlegi Listamannadagur verður haldinn hátíðlegur í Álfagarðinum næsta laugardag.

„Það eru svo margir listamenn sem tengjast okkur og þeir eru að vinna í garðinum, úti með trönur að mála og skissa," segir Ragnhildur en hún er búin að setja upp ansi áhugaverða dagskrá yfir allan daginn.

„Það verður spilað á líru og írskar sekkjapípur, öðruvísi hljóðfæri en maður er vanur og svolítið álfaleg," segir hún og hlær.

„Síðan verður danshópur frá Þýskalandi sem ætlar að túlka verur náttúrunnar."

Álfagarðurinn er staðsettur í Hellisgerði í Hafnarfirði en garðurinn býður upp á úrval listmuna og listaverka sem tengjast álfum og öðrum verum Álfaheima.

„Það er svo mikil skapandi orka í kringum álfana og fallegur kraftur á milli álfa og manna," segir Ragnhildur en oft má sjá listamenn að störfum í Hellisgerði.

„Það finna allir fyrir þessari orku þegar þeir koma í garðinn, en hann er líka bara fallegur garður sama í hvaða vídd þú horfir," segir Ragnhildur og bætir því við að Listamannadagurinn í Álfagarðinum hafi alltaf tekist vel. „Meira að segja þegar það er búið að spá rigningu, sem hefur verið í hvert einasta skipti, þá styttir alltaf upp."

Ragnhildur hélt nýverið litla álfahátíð þar sem frumflutt var nýtt lag sem samið var sérstaklega við álfabæn. „Það er alltaf svo mikil list í kringum garðinn," segir Ragnhildur sem leiðir einnig álfagöngu um garðinn klukkan 13 sem verður á sérstöku sumartilboði. „Það verða líka blöð og litir fyrir börnin en fullorðnir geta tekið með sínar listagræjur eða bara notið þess að vera þarna með okkur," segir Ragnhildur en hátíðahöldin hefjast klukkan 13 á laugardaginn í Hellisgerði. baldvin@365.is

> **„Það eru svo margir listamenn sem tengjast okkur og þeir eru að vinna í garðinum, úti með trönur að mála og skyssa. Það er svo mikil skapandi orka í kringum álfana og fallegur kraftur á milli álfa og manna.**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**MAGNÚSAR STEFÁNSSONAR**
**Hlíðarhúsum 3,**
**áður Garðsenda 13.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir kærleiksríka umönnun og hlýtt viðmót.

**Jóna Kristbjörg Jónsdóttir**
**Guðrún Magnúsdóttir** — **Helgi Hannesson**
**Guðjón Magnússon** — **Unnur V. Ingólfsdóttir**
**Stefán Magnússon** — **Lone Madsen**
**Sólveig Magnúsdóttir** — **Halldór Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, dóttir, systir, tengdamóðir og amma,

**SIGRÍÐUR SIGURBJARTSDÓTTIR**

lést mánudaginn 21. júlí á líknardeild Eikertun í Noregi.

**Guðrún Ásgerður Jónsdóttir**
**Sigurbjartur Hafsteinn Helgason**
**Margrét Erla Finnbogadóttir** — **Anton Ísak Sigurðsson**
**Ásgerður Þráinsdóttir**
**Helgi, Jón Ásgeir og Arnar Sigurbjartssynir**
**Þráinn Hafsteinsson**
**Arnar Orri, Adrían Ísak og Aldís María**

---

†



Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN JÓNSSON**
**Frostafold 73, Reykjavík,**

lést á Landakoti miðvikudaginn 23. júlí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 6. ágúst kl. 13.00.

**Erla Jónsdóttir**
**Jón Kristjánsson**
**Sighvatur Kristjánsson** — **Ingigerður Sigmundsdóttir**
**Helgi Kristjánsson** — **Edda Guðmundsdóttir**
**María Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN H. ASPAR**
**Ránargötu 9, Akureyri,**

sem lést á Dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 25. júlí sl., verður jarðsungin þriðjudaginn 5. ágúst kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

**Kristinn Halldór Jóhannsson** — **Margrét Alfreðsdóttir**
**Elín Björg Jóhannsdóttir** — **Sævar Sæmundsson**
**Ingunn Þóra Jóhannsdóttir** — **Skúli Eggert Sigurz**
**Björn Jóhannsson** — **Sigrún Harðardóttir**
**Jóhann Gunnar Jóhannsson** — **Ragna Ósk Ragnarsdóttir**
**Ásta Hrönn Jóhannsdóttir** — **Gísli Agnar Bjarnason**
**Magnús Jóhannsson**
**Sólveig Jóhannsdóttir** — **Þröstur Vatnsdal Axelsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐFINNA SIGURBJÖRNSDÓTTIR**
**Miðvangi 22, Egilsstöðum,**

lést sunnudaginn 27. júlí á Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum. Útförin fer fram frá Egilsstaðakirkju þriðjudaginn 5. ágúst klukkan 14.00.

**Guðmundur Ármannsson** — **Kristín Ólafsdóttir**
**Magnús S. Ármannsson** — **Valgerður Kummer**
**Guttormur Ármannsson** — **Marjatta Kojo**
**Gunnar Þór Ármannsson** — **Guðrún Halldórsdóttir**
**Védís Ármannsdóttir** — **Örnólfur Oddsson**
**Jóna Sigríður Ármannsdóttir** — **Magnús V. Snædal**
**Jón Grétar Traustason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






## FJÖR Á ÚLFLJÓTSVATNI

**Margt skemmtilegt verður að gerast á Úlfljótsvatni um verslunarmannahelgina. Skátarnir taka vel á móti fjölskyldufólki og næg afþreying er í boði fyrir fólk á öllum aldri. Meðal þess sem er í boði eru bátar, klifurturn, vatnasafarí, hoppkastalar, golf, varðeldar og skátasmiðjur.**

salcura
Fyrir
Eftir
6 vikur
Sóríasis - Exem
Húðbólga - Kláði í húð
Rósroði - Útbrot
Ofsakláði - Þurrkur
TILBOÐ
100% náttúrulegt
Tilboðspakkning í júlí með Dermasprey 100 ml og Zeoderm 50 ml fylgir í kaupbæti! *
* Takmarkað magn.
Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU



**GAMLIR TÍMAR** Síldarsöltun á Síldarminjasafninu.

# SÍLDARÆVINTÝRIÐ ENDURVAKIÐ

***FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ** Siglufjörður iðar af lífi um verslunarmannahelgina þegar Síldarævintýri á Siglufirði fer fram. Áhersla er lögð á fjölbreytta dagskrá.*

Síldarárin voru ævintýralegur tími fyrir Siglfirðinga eins og aðra landsmenn. Um tíma bjuggu rúmlega 3.000 manns í bænum auk fjölda aðkomufólks sem stundaði þar vinnu tímabundið. Síldin hvarf jafnt og þétt á sjötta áratug síðustu aldar og íbúum fækkaði. Bæjarbúar hafa þó minnst síldaráranna um hverja verslunarmannahelgi þegar bæjarhátíðin Síldarævintýrið á Siglufirði er haldin.

Að sögn Anitu Elefsen, sem situr í undirbúningsnefnd hátíðarinnar, hefur alla tíð verið lögð áhersla á að halda sögunni lifandi um leið og boðið er upp á fjölbreytta dagskrá fyrir fjölskylduna. „Hátíðin var fyrst haldin árið 1991 og er vafalaust fyrsta bæjarhátíðin sem sett var á fót hérlendis. Brottfluttir Siglfirðingar hafa alltaf fjölmennt hingað og haldið mikilli tryggð við hátíðina öll árin.“

Fjölbreytt dagskrá er í boði alla helgina að sögn Anitu. „Það verður mikil dagskrá á Síldarminjasafninu alla dagana. Þar verður boðið upp á síldarsöltun þar sem stúlkurnar munu salta síld í tunnur eins og var gert hér áður fyrr. Harmónikuleikari spilar undir og slegið verður upp bryggjuballi eftir sýningarnar. Þórarinn Hannesson flytur einleikinn Í landlegu sem fjallar um lífið á síldarárunum, Síldargengið tekur rúnt um bæinn og boðið verður upp á ókeypis síldarhlaðborð á torgi bæjarins á sunnudeginum.“

Lífið er þó ekki bara síld því fjölmargt annað er í boði um helgina. „Hér verður listasmiðja fyrir börn, trommunámskeið, leiktæki fyrir börnin, golfmót, strandblakmót, leiksýning, bryggjusöngur, flugeldasýning og dansleikir svo eitthvað sé nefnt.“

Þótt Síldarævintýrið hefjist formlega á föstudaginn hófst létt dagskrá í bænum undir nafninu Síldardagar síðasta föstudag. „Undanfarin ár höfum við tekið eftir því að gestir eru farnir að mæta fyrr en vanalega. Því höfum við skipulagt létta dagskrá vikuna á undan þar sem einhverjir viðburðir eru í gangi alla daga þótt það sé alls ekki þétt dagskrá.“

Nánari upplýsingar um dagskrá má finna á sildaraevintyri.fjallabyggd.is og á Facebook-síðu hátíðarinnar, Síldarævintýrið Siglufirði.



**FLUGELDAR** Síldarævintýrinu lýkur með bryggjusöng og glæsilegri flugeldasýningu.
MYND/TÓMAS JÓNASSON

PANTAÐU TÍMA NÚNA!
FRÍR LÁNSBÍLL
MEÐ FRAMRÚÐUSKIPTUM Í ÁGÚST EKKI KEYRA MEÐ SKEMMDA RÚÐU
EINUNGIS ER HÆGT AÐ FÁ BÍL MEÐ ÞVÍ AÐ BÓKA TÍMA
25% AFSLÁTTUR
AF SMURÞJÓNUSTU OG SMURVÖRUM ÚT ALLAN ÁGÚST MÁNUÐ!
FRÍ VINNA
VIÐ BREMSUKLOSSA- OG EÐA BREMSUDISKASKIPTI ÚT ÁGÚST MÁNUÐ
- LÁTTU DEKKVERKFRÆÐINGANA SJÁ UM BÍLINN FYRIR ÞIG. -
DEKKVERK
Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ
Sími: 578 7474
www.dekkverk.is
Á aðeins við ef viðeigandi vörur eru keyptar hjá Dekkverk.

Íslandsvinir
ferðaskrifstofa

Hreyfðu við hug og hjarta



Spennandi hjólaferðir við allra hæfi 2014

**Perlur Slóveníu – hjólaferð**
4. – 11. september 2014
Fararstjóri: Brandur Jón Guðjónsson og Robert Ciglar



Í þessari ferð er farið um nokkra af fegurstu stöðum Slóveníu sem saman undirstrika þá nafngift að landið sé ein af "perlum Evrópu"! Það stafar sérstakri birtu frá ljósum kalksteininum sem Slóvensku Alparnir eru gerðir úr. Þar eru snarbrattir tindar og djúpir dalir með skógi vaxnar hlíðar og blómstrandi engi, og um dalbotnana liðast blátærar ár. Hjólað er ofan frá Ölpum upp um fjöll, inn í fjöll og gegnum fjöll, um fjallaskörð og fallega dali, blómlegar sveitir og meðfram vötnum og ám, alveg niður til strandar Adríahafsins. Og það er sama hvert litið er, alls staðar er landslagið í fjölbreytni sinni, hrikaleik og fegurð ein samfelld veisla fyrir skynfærin. Hér þarf að passa að hafa nóg af rafhlöðum og minniskortum fyrir myndavélarnar.

**Króatía hjóla- og skútuferð**
11.-21. September
Fararstjóri Brandur Jón Guðjónsson



Kvarner flóinn í Króatíu er fallegt og sólríkt svæði og þar eru fjölmargar eyjar, hólmar og sker. Farið verður um nokkrar þeirra stærri á reiðhjólum en gist og snæddir morgun- og kvöldverðir um borð í skútu sem ferjar fólkið á milli eyjanna. Að lokinni hverri dagleið er hægt að sitja í sólbaði uppi á þilfari, fá sér sundsprett í blátæru Adría hafinu eða einfaldlega njóta fegurðarinnar allt um kring.

FJALLA KOFINN
Viðskiptavinir Íslandsvina njóta sérkjara hjá Fjallakofanum.

Nánari upplýsingar, dagsetningar og fleiri ferðir er að finna inn á www.islandsvinir.is

Íslandsvinir
ferðaskrifstofa
Hvaleyrarbraut 35 | 220 Hafnarfirði
Sími 510 9500 | www.islandsvinir.is




**SAMRÝND HJÓN** Aldís og eiginmaðurinn Ásberg „Beggi" Magnússon fluttu utan með börn og bú til Kragerö vorið 1997.

# PARADÍSARHEIMT

**SUMARSÆLA** *Eins og listmálarinn Edvard Munch féll leikskólakennarinn Aldís Harpa Stefánsdóttir kylliflöt fyrir strandbænum Kragerö í Suður-Noregi.*

**Hvað ertu að brasa í Kragerö, Aldís?** Ég er leikskólakennari og vinn á stórum leikskóla sem deildarstjóri. Ég flutti hingað með fjölskyldunni fyrir sautján árum og okkur líkar mjög vel að búa hér.

**Hvernig eru Norðmenn í daglegum samskiptum?** Þeir eru almennt mjög kurteisir en geta verið frekar stífir og formlegir í framkomu.

**Búa Íslendingar í nágrenninu?** Í Kragerö búa sex íslenskar fjölskyldur og við hittumst öll reglulega.

**Hvað hefur komið á óvart við Noreg og Norðmenn?** Mér kom á óvart hvað Noregur er stórkostlega fallegt land og hvað Norðmenn eru miklir þjóðernissinnar. Það kemur líka á óvart hvað veðurfarið er gott ár eftir ár. Hér byrjar sumarið í apríl/maí og er alveg út september. Það er dásamlegt fyrir okkur sem erum alin upp í rigningu og roki stóran hluta ársins.

**Hvaða staðir eru mest spennandi í kringum þig?** Það eru margir fallegir staðir hér allt í kring. Við búum við einn flottasta golfvöll landsins í tuttugu kílómetra fjarlægð og hvarvetna eru fallegar göngu- og hjólaleiðir til skógs og fjalla. Héðan er líka stutt í góð skíðasvæði á veturna.

**Eru góðir veitingastaðir í nágrenninu?** Veitingastaðir eru margir, góðir og af öllum gerðum, enda mikill ferðamannastraumur í Kragerö á sumrin sem margfaldar íbúatöluna. Hér er einnig úrval verslana og stórar „kringlur" í nágrannabæjunum.



**HEIMA** Glæsilegt hús Aldísar stendur ofan við Kragerö-skerjagarðinn.



**KRAGERÖ** Kragerö er perla Suður-Noregs og vinsæll sumardvalarstaður Norðmanna, friðsæll og fagur, umkringdur skógi, fjörðum og eyjum.

**Hefur þú ferðast um landið?** Við höfum ferðast töluvert um Noreg en eigum eftir að gera mun meira af því, enda margt að skoða.

**Hvernig eyðir þú frítíma þínum?** Frítíminn fer í gönguferðir með hundinn, blómarækt, golf og almenna útiveru. Eins finnst mér óskaplega gaman að dunda mér í eldhúsinu og er áhugasöm um alla matargerð.

**Færðu stundum heimþrá til Íslands?** Heimþráin lætur á sér kræla með reglulegu millibili og stundum höfum við hugsað alvarlega um að flytja heim. Á sama tíma erum við orðin rótföst hér í Kragerö því börnin okkar þrjú eru búsett hér og nú hafa bæst við tvö barnabörn. Mér þykir þó alltaf jafn gott að skreppa heim til Íslands og reynum við hjónin að gera það eins oft og kostur er.

■ thordis@365.is



# NORSKAR, HOLLAR PRÓTÍNVÖFFLUR

Aldís Harpa Stefánsdóttir í Kragerö er rómaður sælkeri. Hún segir Norðmenn sólgna í vöfflur og borða þær við öll tækifæri. Aldís sneiðir hjá hveiti og sykri í bakstri sínum en gefur í staðinn uppskrift að gómsætum og bráðhollum prótínvöfflum.

**1 kúfuð skeið vanilluprótein**
**1 tsk. vanilludropar**
**2 msk. möndlumjöl**
**2 egg**
**1 dl eggjahvítur (meira ef deigið er mjög þykkt)**
**1 dl kotasæla (eða rjómaostur)**
**1 msk. HUSK**
**½ tsk. lyftiduft**

Maukið vel með töfrasprota og bakið í vöfflujárni. Vöfflurnar lyfta sér vel svo ekki setja of mikið deig í einu. Úr þessari uppskrift fengust átta vöfflur. Borið fram með sýrðum rjóma, brúnum geitaosti og ferskum jarðaberjum.

# RISA LAGERSALA í kjallara!

# LOKADAGAR

**Opnunartími**

**Miðvikudagur 10-18 - Fimmtudagur 10-18**

**Föstudagur 10-18** ***Síðasti dagur lagersölunnar!***

## 70% afsláttur af öllum fatnaði og skóm!

**20% VIÐBÓTAR-AFSLÁTTUR**

*Fatnaður úr TUZZI í Kringlunni og hjá Hrafnhildi.*

**Verðdæmi:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kennel & Schmenger skór, | fullt verð 29.980 | - | lokaverð nú 7.195 |
| Elinette silkijakki, | fullt verð 34.980 | - | lokaverð nú 8.395 |
| Apanage kjóll, | fullt verð 25.980 | - | lokaverð nú 6.235 |
| Dranella buxur, | fullt verð 14.980 | - | lokaverð nú 3.595 |

**Mikið úrval af buxum, kjólum og jökkum í stærðum 36,38 og 52!**




**hjá Hrafnhildi**

- **Engjateigur 5**
- **Sími 581 2141**
- **www.hjahrafnhildi.is**

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Vertu vinur okkar á Facebook

# EINN MEÐ FUGLUNUM

**SVIFVÆNGJAFLUG** *Hans Kristján hefur ferðast um allan heim til að svífa um í svifvæng. Honum var nýlega boðið að taka þátt í heimsmeistarakeppni. Keppni í svifvængjaflugi snýst um að fara sem hraðast í gegnum þrívíða keppnisbraut í loftinu.*

Hans Kristján Guðmundsson var einn stofnenda Svifdrekaflugs Íslands árið 1978, þá aðeins sautján ára gamall. „Ég hef stundað margar íþróttagreinar og verið í því sem margir kalla áhættuíþróttir mjög lengi. Mótorhjól, fallhlífarstökk og fjallgöngur eru meðal annars íþróttir sem ég hef lagt stund á en svifvængjaflugið, eða paragliding, finnst mér langskemmtilegast og hef verið í því síðastliðin fjórtán ár. Ég hef tekið þátt í keppnum um allan heim og nýlega var mér boðið að taka þátt í heimsmeistarakeppni. Fyrirkomulagið er þannig að það er keppnisröð á alþjóðavísu þar sem þátttakendur safna stigum og sá stigahæsti í lokin vinnur. Ég er að hugsa um að taka þátt á næsta ári.“



**ALLIR Í EINNI KÖS**

Keppni í svifvængjaflugi snýst um að fara sem hraðast í gegnum þrívíða keppnisbraut í loftinu. Keppendur fá uppgefna GPS-punkta þar sem þeir bíða á ráslínu, allt upp í 150 manns. „Svo fara allir af stað í einni þvögu. Það er alveg klikkað að taka þátt í þessu. Þetta er vissulega hættulegt og flokkað sem áhættuíþrótt en með kunnáttu og reynslu er áhættan lágmörkuð,“ segir Hans.

**ÓLÝSANLEG UPPLIFUN**


„Þetta var mikið stuð en ég var bara ekki alveg nógu vel undirbúinn," segir Helgi Sæmundur Guðmundsson, liðsmaður hljómsveitarinnar Úlfur Úlfur, sem dreif sig upp á Fimmvörðuháls í blíðskaparveðri á sunnudag. Ferðalagið varð þó töluvert lengra en áætlað var þegar bílfarið sem Helgi reiknaði með úr Þórsmörk klikkaði. „Félagi minn er að keyra barna um sem „guide" en það hafði ekkert orðið úr áætlaðri ferð hjá honum um daginn svo hann kom aldrei inn í Þórsmörk." Helgi þurfti því að halda af stað fótgangandi um 25 kílómetra leið að Seljalandsfossi og þaðan upp á þjóðveg þar sem hann húkkaði sér far að bílnum sínum sem beið hans við Skóga. Björgunarsveitinni tókst þó að bjarga honum í eitt sinn á leiðinni. „Þegar ég var kominn að Krossá voru góð ráð dýr því áin var djúp og nokkuð straumþung. Ég lagði ekki í það að vaða yfir svo ég beið í smá stund og velti því fyrir mér hvað ég ætti að gera. Þá skyndilega kemur björgunarsveitin og skutlar mér yfir. Ansi heppilegt, ég verð nú að segja það."

Helgi segir að allt í allt hafi ferðalagið því verið einir 47 kílómetrar sem hann gekk á 12 klukkustundum. Hann kveðst hafa tognað örlítið á vinstri fæti í svaðilförinni en er að öðru leyti hress. „Ég er enginn fjallagarpur en þetta var mikið stuð. Það væri gaman að ná að ganga Laugaveginn líka í sumar en þá verð ég eflaust að vera örlítið betur undirbúinn."

> **„Félagi minn er að keyra barna um sem „guide" en það hafði ekkert orðið úr áætlaðri ferð hjá honum um daginn svo hann kom aldrei inn í Þórsmörk.**
>
> *Helgi Sæmundur Guðmundsson*

kristjana@frettabladid.is

ÍSLANDS BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS

THE GAMBLER
CLIP
ONLY IN NEW YORK

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# ALDREI MEIRA FARTÖLVUÚRVAL!

## 10 bestu ástæður þess að kaupa skólatölvuna í Tölvulistanum!

**1. LÆGRA VERÐ**
Tölvulistinn er einstærsta tölvuverslun landsins með mikinn fjölda viðskiptavina. Vegna vinsælda fartölva fyrir skólann tekst okkur að ná hagstæðari innkaupum með magnkaupum og lækka verðið. Hvort sem þig vantar fartölvu fyrir skólann, heimilið eða vinnuna þá er góður tími núna til að endurnýja.

**2. TRAUST MERKI**
Við bjóðum einungis upp á fartölvur sem við höfum langa og góða reynslu af. Hjá okkur færðu tölvur frá fjórum af sterkustu fartölvuframleiðendum heims – Toshiba, Asus, Apple og Acer.

**3. MIKIÐ ÚRVAL**
Í verslunum okkar erum við með yfir 60 gerðir af fartölvum. Eigum allt frá þeim minnstu og einföldustu upp í þær stærstu og öflugustu. Allir geta fundið það sem hentar best.

**4. LÁG BILANATÍÐNI**
Við veljum framleiðendur sem státa af lágri bilanatíðni. Öll þau vörumerki sem við bjóðum hafa reynst okkar viðskiptavinum vel í fjölda ára. Toshiba, Asus, Acer og Apple hafa allir sem fartölvuframleiðendur fengið mjög góða útkomu í stórum rannsóknum sem gerðar hafa verið erlendis á bilanatíðni.

**5. TRAUST ÁBYRGÐ**
Tölvulistinn hefur rekið öflugt tölvuverkstæði í 20 ár, sem leggur metnað í að veita skjóta og góða þjónustu. Það skiptir miklu máli að versla við trausta aðila með gott þjónustuverkstæði.

**6. TOPPÞJÓNUSTA**
Við leggjum mikinn metnað á hverjum degi í að að veita toppþjónustu. Sölumenn okkar eru heiðarlegir og tæknilega fróðir. Með okkar mikla úrval geta þeir hjálpað þér að finna hvaða fartölva hentar þér best miðað við þína notkun og óskir.

**7. 0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI OG NETGÍRÓ**
Hvaða fartölvu sem þú velur getur þú greitt með því að skipta niður vaxtalaust í 12 mánuði á greiðslukorti. Eini kostnaðurinn felst í 3,5% lántökugjaldi og lágu færslugjaldi kr. 340 á mánuði. Einnig er nú hægt að greiða með Netgíró vaxtalaust innan 14 daga eða með raðgreiðslum.

**8. GULLTRYGGING**
Með 3 ára gulltryggingu Tölvulistans lengist ábyrgðartíminn í 3 ár auk þess sem fartölvan er að fullu tryggð fyrir þjófnaði eða tjóni án sjálfsábyrgðar öll þrjú árin. Gerist ekki betra.

**9. SSD STÆKKANLEGAR**
Nær allar fartölvur okkar eru breytanlegar fyrir SSD diska. Í ágúst bjóðum við sérstakt tilboð á uppfærslu í SSD. Með SSD verður fartölvan mun hraðvirkari, hljóðlátari og þolir betur hnjask en með hefðbundnum hörðum diski.

**10. TVÖFALDAÐU MINNIÐ FYRIR LÍTIÐ**
Fyrir skólann verðum við með sérstakt tilboð á stækkun vinnsluminnis hvort sem þú vilt tvöfalda vinnsluminnið úr 4GB í 8GB eða úr 8GB í 16GB sem stóreykur vinnsluhraða fartölvunnar.




**8 VERSLANIR UM ALLT LAND**

tl.is

**TÖLVU LISTINN**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

## Leitum eftir erlendum markmanni



**HANDBOLTI** Stefán Arnarsson, þjálfari kvennaliðs Fram í handbolta, staðfesti í gær í samtali við Fréttablaðið að allar líkur væru á því að félagið myndi leita erlendis að markmanni fyrir næstkomandi tímabil.

Markvörður liðsins á síðasta tímabili, Sunneva Einarsdóttir, flytur af landi brott í haust og hefur leit að markmanni staðið yfir undanfarnar vikur.

„Við höfum verið að skoða myndbönd af mörgum leikmönnum undanfarnar vikur og að reyna að finna bestu lausnina. Þetta er eiginlega eina staðan sem við eigum eftir að fylla fyrir næsta tímabil,“ sagði Stefán, sem staðfesti að Fram myndi feta í fótspor Hauka og semja við erlendan markvörð.

„Við höfum ákveðið að leita eftir erlendum markmanni. Ég held að ég geti fullyrt að Fram muni tefla fram erlendum markmanni í haust,“ sagði Stefán. **- kpt**

## Flóðgáttirnar opnuðust í Kópavoginum

**FÓTBOLTI** Ekkert virðist geta stöðvað Hörpu Þorsteinsdóttur og félaga í Stjörnunni þessa dagana en Harpa skoraði þrjú mörk í öruggum sigri á ÍBV í gær. Með sigrinum náði Stjarnan átta stiga forskoti á toppi Pepsi-deildarinnar. Stjarnan varð Íslandsmeistari í fyrra og í tvígang á síðustu þremur árum og stefnir hraðbyri að þriðja titlinum.

Harpa Þorsteinsdóttir hefur farið á kostum í liði Stjörnunnar en hún er eftir gærkvöldið markahæst í deildinni með tuttugu mörk í ellefu leikjum, þrettán mörkum meira en næstu menn.

Breiðablik skaust upp í annað sæti með 4-0 sigri á Fylki á Kópavogsvelli. Fanndís Friðriksdóttir og Rakel Hönnudóttir sáu um markaskorunina fyrir Breiðablik sem komst aftur á beinu brautina eftir naumt tap gegn Stjörnunni í síðustu umferð. Fylkir hafði aðeins fengið á sig fimm mörk fyrir leikinn í kvöld en engin bönd héldu Blikum í leiknum.

ÍA nældi í sitt fyrsta stig með 3-3 jafntefli gegn FH á Skipaskaga. Sumarið hefur verið erfitt hjá liðsmönnum ÍA en þær sýndu mikinn karakter í leiknum og voru óheppnar að ná ekki að landa stigunum þremur en jöfnunarmark FH kom undir lok venjulegs leiktíma. **- kpt**



**TOPPLIÐIÐ** ÍBV átti engin svör gegn Stjörnunni í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Aftur í Laugardalinn

### Björgólfur Takefusa leikur með Þrótti R. út tímabilið.

**FÓTBOLTI** Nokkuð var um hræringar á íslenska leikmannamarkaðinum í gær, en félagaskiptaglugganum verður lokað á miðnætti á fimmtudaginn. Björgólfur Takefusa er kominn aftur á heimaslóðir, en hann mun leika sem lánsmaður með Þrótti R. í 1. deildinni út tímabilið. Björgólfur lék átta leiki með Fram í Pepsi-deildinni fyrr í sumar. Hann er uppalinn hjá Þrótti og lék síðast með liðinu í efstu deild 2003 þegar hann varð markakóngur deildarinnar með tíu mörk.

Einar Karl Ingvarsson er genginn til liðs við Val frá FH, en hann var á láni hjá Fjölni fyrri hluta tímabilsins. Einar skrifaði undir þriggja ára samning við Val. Hann mun þó ekki leika með liðinu í bráð, því hann hefur verið lánaður til Grindavíkur út tímabilið.



**ENDURKOMA** Björgólfur er kominn aftur til Þróttar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FH-ingar halda áfram að bæta við sig framherjum, en félagið hefur fest kaup á Indriða Áka Þorlákssyni, leikmanni Vals.

Þá fékk Víkingur tvo Búlgara til liðsins; varnarmanninn Ilyan Garov og framherjann Ventsislav Ivanov. Þeir eru báðir komnir með leikheimild með liðinu. **- iþs**



**Í DALNUM** Símun Samuelsen og Davíð Þór Rúnarsson eigast við í undanúrslitaleiknum 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 17 ár frá síðasta leik

### Í fyrsta sinn síðan 1997 fer fram undanúrslitaleikur í bikarkeppni karla í Keflavík þegar heimamenn taka á móti Víkingum í Borgunarbikarnum í kvöld.

**FÓTBOLTI** „Við þurfum ekki að hefna fyrir eitt né neitt,“ segir Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, við Fréttablaðið um undanúrslitaleikinn gegn Víkingi í Borgunarbikarnum í kvöld. Víkingur vann fyrri deildarleik liðanna, 3-1, en Kristján segir: „Deildin er allt önnur keppni, en auðvitað höfum við áhuga á að komast í úrslitaleikinn.“

Hann bætir við: „Við erum með nokkra leikmenn í okkar liði sem hafa spilað úrslitaleik og unnið hann. Og nú fáum við undanúrslitaleik í Keflavík í fyrsta skipti í 17 ár.“

**Sömu lið fyrir átta árum**

Keflavík og Víkingur áttust við í undanúrslitum bikarkeppninnar sumarið 2006. Þó gengi beggja liða sé svipað nú og þá, Víkingur reyndar fyrir ofan Keflavík í deildinni – annað en fyrir átta árum, þá eru aðeins þrír leikmenn eftir sem spiluðu leikinn í flóðljósunum á Laugardalsvellinum. Ingvar Kale varði mark Víkings, en fékk á sig fjögur mörk gegn virkilega vel mönnuðu liði Keflavíkur. Það hafði innanborðs spilara á borð við Baldur Sigurðsson, Jónas Guðna Sævarsson, Hólmar Örn Rúnarsson og Símun Eiler Samuelsen.

Hjá Keflavík eru eftir þeir Einar Orri Einarsson og Magnús Sverrir Þorsteinsson sem báðir komu inn á í 4-0 sigrinum fyrir átta árum í Laugardalnum.

„Ég hef í rauninni ekkert pælt of mikið í þessu. Það hittist bara þannig á að þessi lið spila núna aftur undanúrslitaleik. Bæði lið voru um miðja deild þá og börðust um að spila við KR í úrslitum. Nú geta liðin einnig mætt KR í úrslitum. Þetta er athyglisvert, en vissulega allt annað dæmi í gangi,“ segir Kristján.

**Nýtum tækifærið**

Keflavík steinlá í Víkinni þegar liðin mættust fyrr í mánuðinum og Kristján veit hvað hans menn þurfa að laga frá síðasta leik.

„Við þurfum að halda boltanum betur og uppspilið þarf að vera betra. Víkingar eru góðir í að vinna seinni boltann þannig við þurfum að vera sterkir í því. Við komumst í ágætis gír í síðasta leik gegn Val í seinni hálfleik en töpum. Við erum stundum kannski of gíraðir því við viljum svo vinna leikina á heimavelli,“ segir Kristján, sem hvetur sitt fólk til að fjölmenna.

„Við vitum að Víkingarnir fjölmenna þannig það er um að gera fyrir Keflvíkinga að nýta þetta tækifæri og mæta á fyrsta undanúrslitaleik í bikar sem spilaður er í Keflavík síðan 1997. Það fór vel þá þannig að nú er bara að lengja verslunarmannahelgina um einn dag,“ segir Kristján Guðmundsson.

Leikurinn hefst klukkan 19.15 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. **tomas@365.is**

# Garðar Örn féll á þrekprófi

### Hefur til 5. ágúst eins og aðrir dómarar til að ná miðsumarsþrekprófinu.

**FÓTBOLTI** Garðar Örn Hinriksson, einn besti dómari Pepsi-deildar karla í knattspyrnu, féll á miðsumarsþrekprófi KSÍ í síðustu viku, en þetta staðfesti Magnús Már Jónsson, dómarastjóri knattspyrnusambandsins, við Fréttablaðið í gær.

„Fyrir sumarið taka menn þrekpróf sem gildir til 6. ágúst, þannig þótt menn falli í fyrstu tilraun á prófinu um mitt sumar geta þeir dæmt til 5. ágúst þegar sjúkraprófið fer fram,“ segir hann.

Garðar var því á græna miðanum, ef líkja má þessu við að fólksbíll hafi ekki komist í gegnum skoðun, þegar hann dæmdi leik KR og Breiðabliks í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport síðastliðið sunnudagskvöld.

Þar gaf Garðar Örn markverði KR, Stefáni Loga Magnússyni, rautt spjald fyrir brot utan teigs sem flestir eru sammála um að hafi verið rangur dómur. Hann hafði einnig mark af Blikum þegar hann flautaði of snemma í eitt skiptið, en taka verður fram að Garðar var oft frábærlega staðsettur í leiknum og dæmdi í heildina ágætlega.

Magnús viðurkennir að það sé ekki besta lausnin að dómarar dæmi eftir að hafa fallið og segir að menn hafi velt því fyrir sér að breyta fyrirkomulaginu. Það er þó hægara sagt en gert.

„Ef við myndum gera þetta öðruvísi værum við einfaldlega í vandræðum með að manna leiki.“

Dómarastjórinn segir það ekki óalgengt að menn dæmi á milli miðsumarsprófs og sjúkraprófs. „Þetta er gífurlega krefjandi próf og dagsform manna er mismunandi. Við gefum mönnum því svigrúm í þessar tvær vikur.“

Þeir sem ekki ná því dæma ekki meira í sumar, segir Magnús. **- tom**



**FALL** Garðar Örn reynir aftur við prófið fyrir 5. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Körfuknattleikssamband Íslands

KKÍ

LANDSLIÐ KARLA

VINÁTTULANDSLEIKIR Í LÚXEMBORG

Landslið karla í körfuknattleik heldur í dag út til Lúxemborgar þar sem það mun leika tvo vináttulandsleiki gegn heimamönnum 31. júlí og 2. ágúst. Leikirnir eru liður í undirbúningi landsliðsins fyrir leiki í undankeppni Evrópumótsins, **EuroBasket 2015**, sem fram fara í ágúst á Íslandi. Fréttir frá ferðinni og leikjunum verða birtar á www.kki.is

Miðasala á heimaleikina í ágúst er hafin á midi.is

ICELANDAIR · DOMINO'S DEILDIN · Hertz · Landflutningar Samskip · POWERADE ION4 · Lengjan www.getraunir.is

# Fráköstin eru forgangsatriði

Ísland undirbýr sig af kappi fyrir undankeppni Evrópumótsins 2015.

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltalandsliðið leikur tvo vináttulandsleiki gegn Lúxemborg á fimmtudaginn og föstudaginn. Leikirnir eru liður í undirbúningi Íslands fyrir undankeppni EM 2015, þar sem liðið er með Bretlandi og Bosníu í riðli.

Þetta verða fyrstu leikir Íslands undir stjórn Kanadamannsins Craig Pedersen sem tók við landsliðinu fyrr á árinu. Pedersen kveðst spenntur fyrir leikjunum og segir undirbúninginn hafa verið góðan: „Æfingar hafa gengið vel hingað til, sérstaklega undir lok síðustu viku. Þá náðum við betra flæði í sóknarleikinn hjá okkur. Við höfum bætt okkur með hverjum deginum sem líður og þetta stefnir í rétta átt,“ sagði Pedersen sem vill sjá íslenska liðið spila sem eina heild í leikjunum gegn Lúxemborg. Hann segist einnig ætla að gefa ungu leikmönnunum í hópnum tækifæri í vináttuleikjunum.

Þjálfarinn leggur mikla áherslu á fráköstin. „Stærsti þátturinn eru fráköstin. Við verðum að frákasta jafnt og þétt, og það verða allir að leggja sitt af mörkum vegna hæðarmunarins á okkur og mótherjum okkar. Fráköstin eru í forgangi,“ sagði Pedersen.

Hann er ánægður með landsliðshópinn, þótt nokkrir leikmenn hafi ekki gefið kost á sér. Pedersen segist þó sakna Jakobs Arnar Sigurðarsonar sem hefur tekið sér hvíld frá landsliðinu. „Það hefði verið gott að hafa Jakob með, en fyrir utan hann hefði hópurinn verið eins skipaður. Ég er nokkuð viss um það,“ sagði Kanadamaðurinn að lokum. - iþs



**ÆFING** Kanadamaðurinn Craig Pedersen, landsliðsþjálfari Íslands, fylgist með á æfingu liðsins í Ásgarði í Garðabæ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**FJARVERANDI** Helgi verður ekki með liðinu í Lúxemborg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Helgi Már dró sig úr hópnum

**KÖRFUBOLTI** Helgi Már Magnússon, leikmaður KR í körfubolta, verður ekki með íslenska landsliðinu í körfubolta í æfingarferð liðsins til Lúxemborg. Áætlað er að íslenska liðið leiki tvo æfingarleiki ytra til undirbúnings fyrir leiki liðsins í undankeppni EM í haust.

Körfuknattleikssamband Íslands greindi frá því í gær að Helgi Már, líkt og Jón Arnór Stefánsson, hefði dregið sig úr hópnum fyrir leikina gegn Lúxemborg vegna persónulegra ástæðna.

Helgi staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri heill heilsu en hann gæfi ekki kost á sér eins og staðan væri í dag. Þeir gera þó báðir ráð fyrir því að þeir taki þátt í verkefnum landsliðsins síðar í sumar þegar íslenska liðið mætir Bosníu og Hersegóvínu og Bretlandi í haust. - kpt



**SAMSTARF** Ross Barkley og Roberto Martinez. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Barkley verður um kyrrt

**FÓTBOLTI** Ross Barkley, sem sló í gegn á síðustu leiktíð, verður áfram í herbúðum Everton, en hann skrifaði undir nýjan fjögurra ára samning við félagið í gær. Hann er því samningsbundinn Everton til ársins 2018. Barkley, sem var í enska landsliðshópnum á HM í Brasilíu, hefur verið undir smásjá stórliða, en nú er ljóst að hann verður áfram hjá uppeldisfélaginu.

Nágrannarnir í Liverpool keyptu belgíska framherjann Divock Origi frá Lille í gær. Hann leikur þó ekki með Liverpool á næsta tímabili, því félagið lánaði hann strax aftur til Lille. Origi er sjötti leikmaðurinn sem Liverpool kaupir í sumar.

Þá fékk West Ham atvinnuleyfi fyrir Ekvadorann Enner Valencia. Framherjinn kemur frá Pachua í Mexíkó, en Lundúnaliðið borgaði tólf milljónir punda fyrir hann. - iþs



# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.00
### How I Met Your Mother

Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.

## Í KVÖLD



### Keflavík - Víkingur

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00** Bein útsending frá leik Keflavíkur og Víkings í undanúrslitum Borgunarbikarsins.



### Breaking Bad

**STÖÐ 2 GULL KL. 21.00** Fjórða þáttaröðin um Walter White, fyrrverandi efnafræðikennara og fjölskyldumann, sem ákveður að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum eftir að hann greinist með krabbamein.



### Með okkar augum

**SJÓNVARPIÐ KL. 19.30** Einlæg og skemmtileg þáttaröð þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt.

## FM 957 kl. 10.00
### Rikki G



Rikki G., einnig þekktur undir nafninu Ríkarð Óskar Guðnason, hefur verið starfsmaður FM957 í sjö ár. Hann vinnur líka í Sporthúsinu og spilar fyrir skemmtanaþyrsta Íslendinga um helgar, sem sagt nóg að gera. Hann kemur þér í stuð fyrir daginn.





Undanúrslit á miðvikudag!

Stöð 2 Sport sýnir beint frá viðureign Keflavíkur og Víkings í undanúrslitum Borgunarbikarsins á miðvikudagskvöld. Hvaða lið kemst áfram í úrslit?

Ekki missa af þessum stórleik!

SPORT Miðvikudag kl. 19:00

KEFLAVÍK – VÍKINGUR

Fáðu þér áskrift! 365.IS


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.00** **Malcolm in the Middle**
**08.25** **Wipeout**
**09.10** **Bold and the Beautiful**
**09.30** **Doctors**
**10.15** **Spurningabomban**
**11.05** **Touch**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Cold Feet**
**13.50** **Episodes**
**14.20** **Smash**
**15.05** **Arrested Development**
**15.35** **Grallararnir** Kalli kanína og félagar.
**16.00** **Xiaolin Showdown**
**16.20** **The Big Bang Theory**
**16.45** **How I Met Your Mother**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **The Michael J. Fox Show** *(17:22)*
**19.35** **The Middle** *(11:24)*
**20.00** **How I Met Your Mother** *(15:24)*
**20.25** **The Night Shift** *(2:8)*
**21.10** **Mistresses** *(8:13)*
**21.55** **Covert Affairs** *(3:16)*
**22.40** **Enlightened** *(5:10)*
**23.10** **NCIS** *(22:24)*
**23.55** **Major Crimes**
**00.40** **Those Who Kill**
**01.25** **Louie**
**01.45** **The Blacklist**
**02.30** **The Brothers Bloom**
**04.20** **One Night at McCool's**
**05.50** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**14.50** **Símamótið**
**15.30** **Dominos deildin – Liðið mitt**
**15.55** **KR - Breiðablik**
**17.45** **Pepsímörkin 2014**
**19.00** **Keflavík - Víkingur**
**21.15** **Forrest Griffin The Ultimate Fighter** Þáttur um Forrest Griffin frá UFC.
**22.25** **Keflavík - Víkingur**

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00** **Guinness International Champions Cup 2014**
**16.10** **Nígería - Argentína**
**17.55** **Bosnía - Íran**
**19.40** **Guinness International Champions Cup 2014**
**23.00** **Guinness International Champions Cup 2014**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **20.30** Hrafnaþing **21.00** Fæðuóþol **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**18.15** **Malibu Country**
**18.40** **Guys With Kids**
**19.00** **H8R** *(9:9)*
**19.45** **Romantically Challenged** *(4:6)*
**20.05** **Sullivan and Son** *(5:10)*
**20.30** **Revolution** *(22:22)*
**21.15** **Gang Related** *(2:13)*
**21.55** **Damages** *(9:10)*
**22.45** **Ravenswood** *(8:10)*
**23.25** **The 100** *(9:13)*
**00.05** **H8R**
**00.45** **Romantically Challenged**
**01.10** **Sullivan and Son**
**01.35** **Revolution**
**02.20** **Gang Related**
**03.00** **Damages**
**03.50** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Skógardýrið Húgó **08.44** Skoppa og Skrítla **08.56** Leyndarmál vísindanna **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Sumardalsmyllan **10.50** Doddi litli og Eyrnastór **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Skógardýrið Húgó **12.44** Skoppa og Skrítla **12.56** Leyndarmál vísindanna **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær **13.47** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Sumardalsmyllan **14.50** Doddi litli og Eyrnastór **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Skógardýrið Húgó **16.44** Skoppa og Skrítla **16.56** Leyndarmál vísindanna **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Latibær **17.47** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Sumardalsmyllan **18.50** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Öskubuska í villta vestrinu **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.05** **Strákarnir**
**18.35** **Friends**
**19.00** **Seinfeld**
**19.25** **Modern Family**
**19.50** **Two and a Half Men** *(18:24)*
**20.10** **Örlagadagurinn** *(13:30)*
**20.40** **Heimsókn**
**21.00** **Breaking Bad**
**21.45** **Chuck** *(5:22)*
**22.30** **Cold Case** *(14:23)*
**23.15** **Boardwalk Empire**
**00.05** **Without a Trace**
**00.50** **Harry's Law**
**01.35** **Örlagadagurinn**
**02.05** **Two and a Half Men**
**02.25** **Heimsókn**
**02.40** **Breaking Bad**
**03.25** **Chuck**
**04.10** **Cold Case**
**04.50** **Boardwalk Empire**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.00** **10 Years**
**13.40** **Diary Of A Wimpy Kid: Dog Days**
**15.15** **The Vow**
**17.00** **10 Years**
**18.40** **Diary Of A Wimpy Kid: Dog Days**
**20.15** **The Vow**
**22.00** **The Firm**
**23.30** **Brighton Rock**
**01.20** **Gangster Squad**
**03.15** **The Firm**

## RÚV

**16.30** **Martin læknir** *(3:5) (Doc Martin)*
**17.20** **Disneystundin**
**17.21** **Finnbogi og Felix**
**17.43** **Sígildar teiknimyndir**
**17.50** **Nýi skólinn keisarans**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Pricebræður bjóða til veislu** *(4:5)*
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Með okkar augum** *(3:6)*
**20.00** **Mánudagsmorgnar** *(3:10) (Monday Mornings)* Bandarísk þáttaröð um líf og störf skurðlækna sem berjast fyrir lífi sjúklinga sinna. Aðalhlutverk: Ving Rhames, Jamie Bamber og Jennifer Finnigan.
**20.45** **Frú Brown** *(3:7) (Mrs. Brown Boys)*
**21.15** **Ferðalok** *(3:6) (Landnám Auðar djúpúðgu)* Heimildaþáttaröð um Íslendingasögurnar og sannleiksgildi þeirra frá sjónarhóli fornleifafræði og bókmennta. Að þessu sinni er sagt frá landnámi Auðar djúpúðgu.
**21.40** **Íslenskar stuttmyndir** *(Í draumi sérhvers manns)* Stuttmynd eftir Ingu Lísu Middleton frá 1995, byggð á sögu Þórarins Eldjárns um gróðafíkn, draumaráðningar og gráa starfsmenn hjá Gildismati ríkisins.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Lífið einn dag** *(Life in a Day)*
**23.55** **Glæður** *(3:6) (White Heat)*
**00.55** **Fréttir**
**01.10** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.00** **My Mom Is Obsessed**
**16.45** **Psych**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.10** **Catfish**
**18.55** **King & Maxwell**
**19.40** **America's Funniest Home Videos**
**20.05** **Save Me** *(10:13)*
**20.30** **America's Next Top Model** *(7:16)*
**21.15** **Emily Owens M.D** *(10:13)*
**22.00** **Ironside** *(8:9)*
**22.45** **The Tonight Show** Vin Diesel þarf vart að kynna en hann verður gestur Jimmy í kvöld ásamt Aubrey Plaza sem leikur hina geðillu April í sjónvarpsþáttunum Parks & Recreation sem sýndir eru á SkjáEinum um þessar mundir. Þá sér stórstjarnan Will.I.Am um tónlist kvöldsins.
**23.30** **Leverage**
**00.15** **House of Lies**
**00.40** **Ironside**
**01.25** **The Tonight Show**
**02.10** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** PGA Tour 2014 - Highlight **14.40** Golfing World 2014 **15.30** LPGA Tour 2014 **17.30** The Open Championship Highl **18.00** Golfing World 2014 **18.50** Web.com Tour Highligts **19.45** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

SUZUKI Way of Life!

SX4 S-CROSS

# Nýr fjórhjóladrifinn sjálfskiptur Suzuki S-Cross.

## Verð aðeins kr. 4.880.000



SX4 S-Cross er nýjasti jepplingurinn frá Suzuki.
Einstaklega rúmgott farþega- og farangursrými er eins og hannað fyrir kylfinga.
Nægilegt pláss fyrir 2-3 golfsett og 2 kerrur í farangursrými.
S-Cross kemur með öflugri og sparneytinni vél.
Eyðsla aðeins 5,7 l/100 km í blönduðum akstri

ALLGRIP

Golfvörurnar á myndunum fást í Golfskálanum, Mörkinni 3 www.golfskalinn.is

**MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:**

- All Grip, eitt fullkomnasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkar rúður

**Komið og reynsluakið**

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com ★★★★★

Hugtök Markaðsráðgjöf, júní 2014

SUZUKI SPARNEYTNI — SUZUKI — TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

VERSLUNARMANNAHELGIN



**„Við erum að fara að spila á Edrúhátíðinni og á Innipúkanum. Þetta verður elegant helgi!“**

Sigríður Eyþórsdóttir, söngkona í Sísý Ey.

# Engar kylfur leyfðar á fótboltagolfvellinum

Sprottið hefur upp ansi nýstárlegur átján holu fótboltagolfvöllur á Markavelli, milli Miðfells og Galtafells.

„Þetta er svona sambland af íþróttum, þetta er alveg eins og golf en í staðinn fyrir að nota kylfur þá notarðu fótinn,“ segir Bára Magnúsdóttir, en hún sér um að reka fótboltagolfvöll á Markavelli á Flúðum ásamt fjölskyldu sinni. „Holurnar eru nógu stórar fyrir fótbolta og þetta eru sömu brautir og eru á golfvöllum, þannig að það eru sömu reglur og gilda í golfi.“

Völlurinn hefur verið starfræktur í um það bil einn mánuð en sá er stærstur sinnar tegundar á Íslandi. „Það eru til minni vellir en þetta er sá eini sem hefur átján holur,“ segir Bára en völlurinn hefur verið vel sóttur af ferðamönnum jafnt sem Íslendingum. „Þrátt fyrir ömurlegt veður þá hefur alveg slatti mætt,“ segir hún og hlær.

Foreldrar Báru bjóða upp á bændagistingu á bænum en þeim fannst vanta einhvers konar afþreyingu á bæinn. „Þau höfðu heyrt af þessu fyrir þó nokkru í Danmörku,“ segir Bára.

„Síðan þegar þau voru búin að hugsa þetta eitthvað þá ákváðu þau bara að kýla á þetta.“

Eins og áður hefur komið fram þá er fótboltagolfvöllurinn staðsettur á Markavelli sem er á milli Miðfells og Galtafells og er öllum velkomið að mæta og spreyta sig í íþróttinni. **- bþ**



**SÖMU REGLUR OG Í GOLFI** Bára Magnúsdóttir rekur fótboltagolfvöll ásamt fjölskyldu sinni. AÐSEND MYND/BÁRA











VIRKNI APPSINS



Í appinu eru fyrir fram ákveðin kennileiti í Herjólfsdal sem notendur geta auðveldlega skráð sig inn á í appinu (e. checkin).

Þannig getur þú skráð þig inn til dæmis í hvítu tjöldin eða við stóra sviðið. Þú velur svo ákveðna vini og vinkonur sem fá að vita staðsetningu þína.







# Týnist ekki í dalnum

Strákarnir í Blendin hafa sent frá sér nýja uppfærslu af samfélagsmiðli sínum, sem hjálpar einstaklingum að hafa uppi á félögum sínum á Þjóðhátíð.

„Við erum hér með að leysa stærsta vandamál Þjóðhátíðarinnar,“ segir Davíð Örn Símonarson, framkvæmdastjóri Blendin, en hugbúnaðarfyrirtækið, sem framleiðir samnefndan samfélagsmiðil, hefur í samstarfi við Þjóðhátíðarnefnd unnið að glænýrri uppfærslu af Blendin-appinu sem er sérsniðið fyrir Þjóðhátíð.

Um er að ræða uppfærslu af appinu sem á að auðvelda gestum eyjunnar grænu að skemmta sér betur og á öruggari hátt. „Hvimleitt vandamál hefur iðulega skapast þegar vinkonur og vinir verða viðskila og margar klukkustundir fara í leit að þeim horfnu. Blendin útrýmir þessu vandamáli í eitt skipti fyrir öll. Samstarf Þjóðhátíðarnefndar og Blendin felur í sér fyrir fram ákveðin kennileiti í Herjólfsdal sem notendur geta auðveldlega skráð sig inn á í appinu (e. checkin). Þannig getur þú sem notandi skráð þig inn til dæmis í hvítu tjöldin. Þú velur svo ákveðna vini og vinkonur sem fá þá staðsetningu því stundum viltu bara deila þessum upplýsingum með ákveðnu fólki,“ útskýrir Davíð Örn.

Appið kom fyrst út fyrir fáeinum mánuðum og hlaut mikið umtal. „Þegar við gáfum út appið, þá staddir í San Francisco fyrr á árinu, vildum við drífa í að koma þessu út, fá viðbrögð (e. feedback) við vörunni og byggja svo á grunni þess sem notendum þótti mega bæta. Við sáum strax í upphafi að fólk hafði mikinn áhuga á appinu og þótti hugmyndin frábær og það gaf okkur byr undir báða vængi,“ bætir Ásgeir Vísir, hönnuður appsins, við.

Ein stærsta viðbótin við nýju útgáfuna er sérstök samskiptaleið milli notenda. „Eftir að hafa gefið út frumútgáfu vörunnar sáum við fljótlega að notendur reyndu að eiga samskipti í appinu með óhefðbundnum leiðum. Við ákváðum því, eftir fjölda fyrirspurna, að bæta við spjalli þar sem einungis þeir sem stefna á að fara út að skemmta sér (open minded), eða eru að skemmta sér (blendin) geta talað saman,“ útskýrir Ásgeir Vísir við. Þá er nýja útgáfan margfalt hraðari og rafhlöðuvænni.

„Það mun einnig koma notendum skemmtilega á óvart að sjá hvaða vinir þeirra eru á eyjunni líka, því það eru ekki beint aðgengilegar upplýsingar hvaða vinir eru að skemmta sér hverju sinni, hvað þá á Þjóðhátíð,“ bætir Davíð Örn við.

Appið mun þó einnig virka fyrir fólk sem er að skemmta sér annars staðar en í Eyjum, það virkar hvar sem er.

**gunnarleo@frettabladid.is**



**LÍFIÐ ER YNDISLEGT** Strákarnir í Blendin, þeir Davíð Örn Símonarson, Kristján Ingi Mikaelsson, Ásgeir Vísir og Daníel Björn Sigurbjörnsson sjá til þess að þú týnist ekki í dalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Árni Johnsen fær klapp á kollinn

Hljómsveitin Retro Stefson ætlar að halda ball á Græna hattinum um helgina og heldur þaðan til Vestmannaeyja til að spila fyrir þjóðhátíðargesti.

„Þetta verður tryllt. Unnsteinn er ekki búinn að tala um annað. Hann er nefnilega svo skotinn í stelpunum á Akureyri,“ segir Logi Pedro Stefánsson, bassaleikari í hljómsveitinni Retro Stefson, en sveitin heldur ball á Græna hattinum á Akureyri á laugardeginum um verslunarmannahelgina.

„Hermigervill ætlar að hita upp gestina og svo ætlum við að taka við og vera í geðveiku stuði,“ bætir Logi við, en húsið verður opnað klukkan 22.

„Við höfum ekki spilað á Græna hattinum rosalega lengi, en það er alltaf ótrúlega gaman. Akureyringar eru svo skemmtilegir djammarar.“

Logi segir alltaf heiður að fá að spila á Græna hattinum.

„Haukur og staffið þarna er alveg frábært. Svo eru þetta fyrstu tónleikarnir okkar á Akureyri í ár!“ bætir hann við og segist vilja spila meira fyrir norðan.

Eftir ballið heldur sveitin á Þjóðhátíð í Eyjum. „Við förum svo til Eyja og ætli maður gefi ekki Árna Johnsen klapp á kollinn og smá knús, honum veitir nú ekki af því blessuðum,“ segir Logi og blikkar. **- ósk**



**MIKIÐ UM AÐ VERA HJÁ RETRO** Sveitin spilar á Akureyri og í Eyjum um helgina. MYND/MAGNÚS ANDERSEN



LOGI PEDRO STEFÁNSSON

# RISA SKÓ




Toppskórinn
er á 2 stöðum
Smáratorgi og
Grafarholti

## ÚTSALA

### Í TOPPSKÓNUM

### Í FULLUM GANGI

## 50-90% afsláttur

Mikið úrval
af Dömu, herra
og barnaskóm

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI LOFORÐ WOW NÝRRI VÉLAR BREIÐASTA BROSIÐ


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gunnar Nelson blæs fólki von í brjóst

**Gunnar Nelson** virðist vera innblástur margra til þess að stunda líkamsrækt, en fullt er út úr dyrum í líkamsræktarstöðinni Mjölni þar sem hann æfir jafnan.

Á meðal meðlima í líkamsræktarstöðinni má telja Guðmund Inga Þorvaldsson leikara, Jóhann Gunnar Einarsson, fyrrverandi handboltakappa, Sögu Garðarsdóttur leikkonu, Guðmund Steingrímsson, þingmann Bjartrar Framtíðar, Birki Blæ tónlistarmann, Andra Bjart, trommara úr Mammút, og Steinþór Helga Arnsteinsson hjá CCP. - ósk



### Aftur á skólabekk

Varaborgarfulltrúinn fyrrverandi, **Diljá Ámundadóttir**, hyggst setjast á skólabekk að nýju við Háskóla Íslands í haust.

Hún er að fara í MBA-nám sem er hagnýtt meistaranám þar sem nemendur fá þjálfun á sviði rekstrar.

„Ástæðan fyrir því að ég sótti um þetta nám er að ég vil ekki alltaf að vera bara að tala um að ég vilji sjá konur í forystustöðum," segir Diljá. MBA-námið er skipulagt meðfram vinnu en Diljá rekur sitt eigið fyrirtæki, Þetta reddast ehf., auk þess sem hún situr fyrir hönd Bjartrar framtíðar í heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar. Það verður því nóg að gera hjá Diljá á næstu misserum. - ssb



### Mest lesið VÍSIR

1. Samþykktu hæsta tilboðið í skólamáltíðir: „Ég held að þetta sé bara klíkuskapur"
2. Dýrasti táningur Bretlands ekki í formi og látinn æfa einn
3. Á forsíðu GQ eftir andlitsígræðslu
4. Starfsfólk sætir hótunum vilji það leita réttar síns
5. Flutningaskip á reki á Faxaflóa





